



MENNINGARHÚS Í LANDSBYGGÐUNUM

STEFNUDRÖG OG
SKILGREININGAR

Sköpunarmiðstöðin á Stöðvarfirði.



Þessi skýrsla er hluti af aðgerð B9 í stefnumótandi byggðaáætlun og er markmiðið að skapa skýran, sameiginlegan ramma fyrir starfsemi menningarhúsa í landsbyggðunum, stuðla að samræmdri þróun þeirra og styrkja rekstrargrundvöll til framtíðar.

Ábm. er Austurbrú í samstarfi við landshlutasamtök sveitarfélaga á Austurlandi, Suðurlandi, Suðurnesjum, Vesturlandi, Vestfjörðum, Norðurlandi vestra og eystra.

VERKEFNIÐ

Þetta verkefni er unnið með stuðningi menningar-, nýsköpunar- og háskóla-ráðuneyti með það að markmiði að efla starfsemi menningarstofnana í landsbyggðunum, samkvæmt aðgerð B.9 í byggðaáætlun¹. Niðurstöðurnar leggja drög að **stefnumörkun um menningarhús² og menningarmiðstöðvar í landsbyggðunum³**. Gerður var samningur um verkefnið við menningar- og viðskiptaráðuneyti og hófst vinna við það í september 2024. Verkefninu var stýrt af Austurbrú í samstarfi við starfsmenn landshlutasamtaka sem starfa á vettvangi menningarmála. Samstarfshópurinn fundaði sex sinnum og stýrði fulltrúi hvers landshluta gagnasöfnun á sínu svæði. Í hverjum landshluta var gert yfirlit yfir þá staði þar sem menningar- og listastarfsemi fer fram. Fulltrúar landshlutanna öfluðu þeirra magna gegnum tengiliði hjá sveitarfélögum á sínu svæði og eigin upplýsingar. Samhliða var sendur út spurningalisti sem sömu aðilar voru beðnir að svara. Sérfræðingur í menningarstjórnun vann faglegar og fræðilegar undirstöður fyrir stefnumótunina. Austurbrú tók saman önnur gögn, ítarlegt yfirlit yfir stöðu menningarhúsa í landsbyggðunum og tillögu að stefnumörkun fyrir menningarmiðstöðvar.

Verkefnisstjóri

Tinna Halldórsdóttir, félagsfræðingur MA og yfirverkefnastjóri hjá Austurbrú og fleiri starfsmenn. Ábendingar um efni skýrslunnar má senda á austurbru@austurbru.is.

Samstarfshópur landshlutafulltrúa

Í hverjum landshluta er starfsmaður sem sinnir menningarmálum í umboði landshlutasamtaka eða tengdrar stofnunar. Flestir þeirra starfa einnig að öðrum verkefnum s.s. atvinnuþróun, ráðgjöf og umsýslu við uppbyggingarsjóði. Í þessari skýrslu er vísað til þeirra sem samstarfshópsins eða sem menningarfulltrúa.

Sérfræðingur

Tinna Guðmundsdóttir MA í menningarstjórnun, MA og BA í myndlist. Tinna starfar hjá Myndlistarmiðstöð, meðfram öðrum verkefnum. Hún var áður forstöðumaður Skaftfells - myndlistarmiðstöðvar Austurlands og framkvæmdastjóri Nýlistasafnsins. Hún er formaður stjórnar Sequences myndlistartværingis í Reykjavík, ritstýrði

Landshluti	Tengiliður	Netfang
Austurland - SSA	Signý Ormarsdóttir	signy@austurbru.is
Norðurland eystra - SSNE	Hildur Halldórsdóttir	hildur@ssne.is
Norðurland vestra - SSNV	Berglind Björnsdóttir	berglind@ssnv.is
Suðurland - SASS	Lína Björg Tryggvadóttir	linabjorg@sass.is
Suðurnes - SSS	Logi Gunnarsson	logi@sss.is
Vestfirðir - FV	Skúli Gautason	skuli@vestfirdir.is
Vesturland - SSV	Sigursteinn Sigurðsson	sigursteinn@ssv.is

bókinni *Nýlistasafnið 1978-2008* og framleiddi heimildamyndina *Blindrahundur*.

Úr byggðaáætlun um verkefnið:

B.9. Stefnumótun og hlutverk menningarstofnana.

Markmið: Að starfsemi menningarstofnana í landsbyggðunum verði eflid.

Stutt lýsing: Unnin verði **stefnumótun og skilgreining á hlutverkum menningarmiðstöðva** og sambærilegra stofnana á landsvísu líkt og gert er í nágrannalöndunum. Landshlutasamtökum sveitarfélaga verði falið að greina stöðu þeirra og leggja drög að stefnumörkun til framtíðar. Sérstaklega verði litið til samþættingar við sóknaráætlun viðkomandi landshluta.

Hugtakanotkun

Hugtakið menningarhús er notað í þessari skýrslu sem regnhlífarheiti yfir öll hús þar sem lista- og menningarstarfsemi fer fram. Undir menningarhús falla fleiri skyld hugtök sem skilgreina frekar starfsemina og umgjörð hennar. Á Íslandi er ekki skilgreint opinberlega hvernig skuli nota hugtök sem lýsa húsum þar sem menningar- og listastarfsemi fer fram en ***menningarmiðstöðvar***, ***menningarstofur***, ***menningarsetur*** og ***menningarhús*** eru víða um land. Menningarstofnun virðist eiga við um þjóðarstofnanir sem starfa samkvæmt lögum og reglugerðum s.s. Þjóðleikhús og Þjóðminjasafn, sbr. lista ráðuneytisins yfir söfn og menningarstofnanir.

EFNISYFIRLIT

04

HELSTU NIÐURSTÖÐUR

06

NÆSTU SKREF

08

INNGANGUR

- » Staða menningarhúsa í opinberu samhengi

10

AÐFERÐIR, GÖGN OG FRAMKVÆMD

12

FRÆÐILEG ÚTTEKT

- » Hugtök um menningar-tengda starfsemi og hlutverk menningarhúsa
- » Ísland: Félagsheimili og menningarhús
- » Flokkunarkerfi
- » Niðurstaða fræðilegrar samantektar

24

MENNINGARHÚSIN Í LANDSBYGGÐUNUM

- » Viðhorf
- » Niðurstöður viðhorfskönnunar
- » Yfirlit
- » Niðurstaða gagnagreiningar

36

NIÐURSTAÐA OG UMRÆÐA

- » Sameiginlegar skilgreiningar á hugtökum og hlutverkum
- » Fjármögnun og rekstur

42

VIÐAUKAR

- I. Stefnudrög um menningarhús og menningarmiðstöðvar
- II. Yfirlit yfir menningarhús
- III. Spurningar
- IV. Hugtakanotkun
- V. Menningarstofnanir
- VI. Bókasöfn
- VII. Viðurkennd söfn
- VIII. Söfn skráð í Sarpi
- IX. Landshlutar og sveitarfélög
- X. Menningarhús skráð í gagnasafn

¹ 1383/152 þál. (m.á.o.br.): stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2022–2036 | Þingtíðindi | Alþingi

² Hugtakið menningarhús er notað í þessari skýrslu sem regnhlífarheiti yfir öll þau hús þar sem lista- og menningarstarfsemi fer fram. Undir því hugtaki eru skyld hugtök sem skilgreina frekar starfsemina og umgjörð hennar.

³ Hugtakið landsbyggðir í stað landsbyggðin er komið frá Byggingastofnun og er notað í byggðafélagsfræði.

Í þessari skýrslu er valið að styðja við þá nálgun: [Af hverju landsbyggðir](#) / [Íslenskar landsbyggðir og byggðafélagsfræði](#)

HELSTU NIÐURSTÖÐUR

Verkefnið sýnir fram á mikilvægi þess að móta skýra og samræmda stefnu fyrir menningarhús í landsbyggðunum. Með því að skilgreina hlutverk, rekstrarform og framtíðarsýn um starfsemi menningarhúsa má tryggja að þau verði sterkir burðarásar í menningarlífi landsbyggðanna. Samstarf ríkis, sveitarfélaga og grasrótar er lykillinn að kraftmiklu og lifandi menningarlífi um land allt.

Niðurstöðurnar byggja á þrjúþættri gagnaöflun; í fyrsta lagi á samantekt sérfræðings um stöðu í nálægum löndum og úttekt á fræðilegum bakgrunni, í öðru lagi samvinnu verkefnastjóra við samstarfshóp fulltrúa landshlutasamtakanna í menningarmálum og í þriðja lagi á gagnasafni sem tekið var saman fyrir þetta verkefni og er tvíþætt; ítarlegt yfirlit yfir menningarhús í landsbyggðunum og niðurstöður spurningalista um viðhorf aðila sem tengjast menningarmálum í landsbyggðunum til menningarhúsa.

- » Greiningin sýnir að menningarhús í landsbyggðunum eru fjölbreytt að eðli og hlutverki, en þau eiga sameiginlegt **að vera kjarnastaðir menningar, lista og samfélagsþátttöku**. Húsin eru mikilvægir innviðir sem styðja við jákvæða byggðapróun og efnahagslega fjölbreytni. Þau eru vettvangur fyrir skapandi starf, viðburði og miðlun menningararfs og hafa áhrif á **menningarlega sjálfsmynd og tengsl á svæðunum**. Á sama tíma geta þau haft sýnileg áhrif á **atvinnuþróun með tengingum við ferðaþjónustu, skapandi greinar og aðrar atvinnugreinar**.
- » **Hindranir snúa oftast að fjármögnun**, aðallega vegna lítills fyrirsjáanleika sem flækir áætlanagerð. Styrkir eru **tímabundnir, lagaleg umgjörð veik og skortur á fastráðnu fagfólki** en erfitt er að ráða í fastar stöður til lengri tíma þegar fjármögnun er ekki tryggð.
- » **Rekstrargrunnurinn** þarf að taka mið af **stöðu hvers svæðis** og þeirri umgjörð sem þar gildir. Því er einhvers konar **samningur eða rammi sem hefur ákveðinn sameiginlegan kjarna en er útfærður og aðlagður á hverju svæði**, möguleg leið til að styðja við uppbyggingu, þróun og rekstur menningarmiðstöðva.
- » Líta mætti til sóknaráætlana landshlutanna sem hafa verið mikilvæg verkfæri til að efla landsbyggðirnar. Áherslur og forgangsröðun verkefna eru ákveðin í hverjum landshluta út frá svæðisbundnum þörfum. Önnur tækifæri liggja í að

efla nýsköpun og inngildingu, styrkja tengslanet innanlands og utan, og nýta samlegð menningar, menntunar, ferðaþjónustu og annarra greina.

- » Fræðileg greining og samanburður við Norðurlönd og lönd í Austur-Evrópu sýnir að styrkur menningarinnviða byggist á að ábyrgð; ríkis annars vegar og sveitarfélaga hins vegar; sé skýr, með áherslu á stöðugan stuðning og samráð við grasrótina.
- » **Einkarekin menningar- og listastarfsemi** er öflug í öllum landshlutum og í mörgum tilvikum mjög fagleg og metnaðarfull. Skoða þarf hvernig **styðja má við slíka starfsemi** og þá sérstaklega hvað varðar tengsl við menningarmiðstöðvarnar sem og hvernig stuðningur s.s. úr sóknaráætlunum landshluta, uppbyggingarsjóðum og áhersluverkefnum getur nýst best sem hvati við faglega grasrótastarfsemi.
- » Huga þarf að **félagsheimilunum** sem mörg hver eru mikilvæg menningarhús á sínu svæði. Í þeim liggja oft lítið nýtt eða ónýtt tækifæri til að efla menningarstarf, jafnvel í tengslum við annan rekstur. Margir minntust á að mikilvægt væri að endurvekjja **Menningarsjóð félagsheimila** sem leið til að efla starfsemi þeirra. Sum þeirra gætu orðið hluti af starfsemi menningarmiðstöðvar og önnur bjóða upp á aðra möguleika. Mestu skiptir að þar sem þeim er ekki sinnt, þarf að greina hlutverk félagsheimilisins fyrir samfélagið um leið og tækifæri til að nýta húsið eru skoðuð.
- » Í skýrslunni eru lagðar fram tillögur að flokkun og skilgreiningum varðandi **orðræðu og hugtakanotkun** sem stuðla að markvissri stefnumótun. Menningarhús eru fyrst og fremst vettvangur fyrir viðburðahald og opin almenningi, á meðan menningarmiðstöðvar sinna faglegri stefnumótun og þróun menningarstarfsemi á svæðisbundnum grunni. **Mikilvægt er að formleg opinber umgjörð um hlutverk, starfsemi og rekstur menningarmiðstöðva verði til.**
- » **Ójafnt aðgengi milli svæða** er áskorun sem þarf að skoða sérstaklega. Til að efla grasrót um land allt þarf að vera a.m.k. ein menningarmiðstöð í hverjum landshluta sem starfar á svæðisvísu. Huga þarf að því á ákveðnum svæðum hvernig samgöngur, fjarlægð frá höfuðborgarsvæði og fámenni hafa áhrif á menningarþátttöku og aðgengi.

Frá Bræðslunni á Borgarfirði eystri (Halþór Snjólfur Helgason).



Með skapandi nálgun, víðtæku samstarfi og áherslu á fjölbreytni og sjálfbærni geta menningarmiðstöðvar gegnt lykilhlutverki sem drifkraftur í samfélagslegri þróun og efnahagslegum framförum um leið og þær efla menningarlíf. Stóra tækifærið felst í að samþætta hefðbundna starfsemi við nýsköpun/frumsköpun og opna dyr fyrir alþjóðlegri þátttöku og tengingu.

Menningarmiðstöð er óhagnaðardrifið rými sem þjónar sem kjarni menningar, lista og skapandi greina. Hún er vettvangur fyrir miðlun, sköpun og samstarf sem styrkir samfélagstengsl, varðveitir og endurnýjar menningararf og stuðlar að virkri þátttöku ólíkra hópa. Menningarmiðstöð er jafnframt drifkraftur nýsköpunar og atvinnusköpunar á sviði skapandi greina og eflir þannig bæði menningarlegt og efnahagslegt líf svæðisins.

Menningarhús er fjölnota húsnæði þar sem fram fer menningarstarfsemi á borð við tónleika, sýningar, viðburði og leiksýningar. Það er vettvangur fyrir samfélagslega samveru, listsköpun og miðlun menningar og er opið almenningi. Menningarhús geta verið rekin af sveitarfélögum, félagasamtökum eða einkaaðilum og gegna lykilhlutverki í að efla menningarlíf og samfélagstengsl í nærumhverfi sínu.

NÆSTU SKREF

Sameiginlegar skilgreiningar og flokkun

- » Samþykkja skýrar og samræmdar skilgreiningar á mismunandi tegundum og hlutverkum menningarhúsa.
- » Byggja upp aðgengilegan, veflægan gagnagrunn á gagnasafni þessa verkefnis. Vefsvæðið yrði aðgengilegt öllum hagaðilum og uppfært reglulega. Ákvarða þarf umsjónaraðila gagnagrunnsins.

Opinber rammi og stefnumörkun

- » Skoða útfærslur sem henta hverjum landshluta varðandi opinberan stuðning við rekstur menningarmiðstöðva og menningarhúsa. Hvort sem um er að ræða föst framlög eða samninga, þarf að hugsa til lengri tíma, til að tryggja faglegt sjálfstæði og hamla ekki þróunarstarfi.
- » Tryggja að stefnumótunin styðji við sóknaráætlanir landshlutanna.
- » Stuðla að atvinnuskapandi möguleikum menningarhúsa við að tengja skapandi greinar og ferðaþjónustu.
- » Stuðla að raunhæfri sjálfbærni í rekstri menningarhúsa og menningarmiðstöðva.

Önnur fjármögnun og rekstrargrundvöllur

- » Stofna sérstakan þróunar- og viðhaldssjóð sem styður nýsköpun, þróun og viðhald, með sveigjanleika fyrir ólíkar rekstrareiningar.
- » Tryggja að menningarhús geti nýtt húsnæði sitt á hagkvæman hátt með samnýtingu við annan rekstur, stofnanir og verkefni.
- » Efla samstarf menningarmiðstöðva og menningarhúsa og á milli svæða til að miðla þekkingu og stuðla að sérhæfingu. Einnig samstarf við höfuðstofnanirnar og kynningarmiðstöðvar til að hvetja þær til sýninga og annarrar starfsemi í landsbyggðunum.
- » Skoða að endurvekja Félagsheimilassjóð eða sambærilegan sjóð.

Framkvæmd og eftirfylgni

- » Stofna samráðshóp sem leiðir áframhaldandi stefnumótun og innleiðingu, og leggur mat á gæði og árangur.
- » Stofna til svæðisbundinna samráðshópa þar sem sveitarfélög, listafólk og íbúar vinna saman að forgangsröðun verkefna.
- » Þróa mælikvarða á árangur sem taka tillit til þátttöku íbúa, fjölda viðburða og framleiðslu í skapandi greinum.
- » Fylgjast reglulega með innleiðingu stefnunnar og þróa aðgerðaáætlanir sem byggja á reynslu og árangri.



INNGANGUR

Þessi greinargerð er hluti stefnumótandi byggðaáætlunar og byggir á viðtækri gagnaöflun, viðtölum og samanburði við norrænar og evrópskar aðstæður. Markmiðið er að skýra hugtök, greina stöðu og leggja fram tillögur að sameiginlegri stefnu sem tryggir stöðugleika og faglegan rekstur menningarhúsa til framtíðar. Menningarhús gegna lykilhlutverki í að efla menningarlega sjálfsmynd, styrkja samfélagstengsl og skapa vettvang fyrir skapandi starfsemi í landsbyggðunum. Hins vegar er ekki endilega skýrt hvað átt er við þegar talað er um menningarhús og fleiri hugtök eru notuð s.s. menningarmiðstöð, menningarstofa, menningarsetur og menningarstofnun. Í skýrslunni er reynt að skýra og skilgreina þessi hugtök.

Staða menningarhúsa í opinberu samhengi

Ekki eru til sérstök lög⁴ um menningarhús eða menningarhús í landsbyggðunum en til eru lög um félagsheimili nr.107/1970, bókasöfn nr. 150/2012 og söfn nr.141/2011. Í lögum um félagsheimili er nokkuð opin lýsing og eflaust má telja starfsemi margra menningarhúsa landsbyggðanna þar undir:

Stafræn menningarmálaáætlun 2025

„Með félagsheimilum er í lögum þessum átt við samkomuhús, sem ungmenna-félög, verkálýðsfélög, íþróttafélög, lestrarfélög, bindindisfélög, skátafélög, kvenfélög, búnaðarfélög og hvers konar önnur menningarfélög, er standa almenningi opin án tillits til stjórn­málaskoðana, eiga og nota til fundahalda eða annarrar félags­starfsemi, enn fremur samkomuhús sveitarfélaga.“

Stafræn menningarmálaáætlun 2025

Reglugerðir á sviði menningarmála⁵ innihalda heldur ekki reglugerðir um menningarhús önnur en söfn og þjóðarstofnanir á sviði lista. Í menningarstefnu⁶ fyrir Ísland er ekki sérstaklega fjallað um menningarhús en í lið **m)** í stefnunni er fjallað um landsbyggðina:

Stafræn menningarmálaáætlun 2025

„Stjórnvöld leggja áherslu á árangursríkt samstarf við sveitarfélög og landshluta-samtök þeirra á sviði menningarmála og hvetja til að þessir aðilar taki höndum saman um einstök menningarverkefni. Menningarsamningar eru gerðir við lands-hlutasamtök um stuðning við menningarstarf á landsbyggðinni.“

Í menningarstefnunni er einnig talað um menningarstofnanir og þó þær séu ekki skilgreindar sérstaklega má ráða af samhenginu að vísað sé til þjóðarstofnana sem starfa samkvæmt lögum og reglugerðum s.s. Þjóðleikhús og Þjóðminjasafn, sem stutt er með lista ráðuneytisins yfir söfn og menningarstofnanir⁷. Fram kemur að þessar stofnanir skuli þjónusta landsbyggðirnar eins og kostur sé **en hvorki tilgreindar ákveðnar aðgerðir eða hlutfall fjármagns sem verja á í þjónustu við landsbyggðirnar**. Um hlutverk ríkisins í menningarmálum segir í stefnunni að þar sé megináhersla á að:

Stafræn menningarmálaáætlun 2025

„...skapa skilyrði fyrir fjölbreytni, sköpun og frumkvæði á sviði lista og menningar-arfs auk þess að standa vörð um menningararfinn. Í því felst að mynda með lögum, stjórnvaldsaðgerðum og fjárveitingum þann ramma fyrir menningarlífið sem gerir því kleift að blómstra og hvetur til þátttöku landsmanna. Mikilvægt er að sá rammi sé mótaður þannig að hann hafi ekki bein áhrif á inntak lista- og menningarstarfs og að sjálfstæði listamanna og menningarstofnana sé virt í hvívetna.“

Stafræn menningarmálaáætlun 2025

Ennfremur kemur fram á síðu ráðuneytisins að samstarf við sveitarfélög⁸ fari fram gegnum sóknaráætlanir landshlutanna og að „... ráðstöfun þeirra fjármuna sem varið er til verkefna í einstökum landshlutum á sviði atvinnu-, byggða- og menningarmála byggji á svæðisbundnum áherslum og markmiðum.“

Stafræn menningarmálaáætlun 2025

Það er því í anda stefnunnar að landshlutasamtökum sé falið að koma að stef-numótun fyrir menningarstarf í landsbyggðunum. Þannig kemur hvert svæði að því að leggja til forsendur og grundvöll sem sameiginleg stefna landsbyggðanna um menningarhús og starfsemi þeirra getur hvílt á.

Stafræn menningarmálaáætlun 2025

Landshlutarnir sjö utan höfuðborgarsvæðisins eru ólíkir hvað varðar stærð og íbúafjölda. Þeir samanstanda af 55 sveitarfélögum sem sum hafa ekki eiginlega þéttbýliskjarna en í öðrum eru nokkrir þéttbýliskjarnar innan sama sveitarfélagsins. Í öllum landshlutum eru gildandi sóknaráætlanir þar sem auk atvinnuþróunar og nýsköpunar, er áhersla á menningu og menningarstarf gegnum áhersluverkefni og

úthlutanir úr uppbyggingarsjóðum sóknaráætlananna. Þau sem starfa við menningarmál innan landshlutasamtakanna eiga mikið og þétt samstarf. Hópurinn býr yfir mikilli þekkingu á sínu svæði og hefur innsýn og tengslanet í menningarstarf landshlutans. Því er eðlilegt að fulltrúar landshlutasamtakanna á sviði menningar myndi samráðs- eða verkefnahóp um þessa aðgerð byggða-áætlunar og leggi til þá stefnumótun og skilgreiningar sem líklegt er að þjóni best til að undirbyggja árangursríka stefnu. Í gegnum þeirra tengslanet var aflað gagna frá sveitarfélögunum varðandi menningarhús og var skilgreiningin á menningarhúsi höfð viðtæk og opin til að ná örugglega til allra þeirra staða þar sem menningar-starf eða menningarstarfsemi fer fram. Samræming og mat á gögnunum fór fram þegar skráningu var lokið. Út frá þeim var hægt að byggja raunverulega flokkun og skilgreiningar á þeim hugtökum sem notuð eru um staði þar sem menningarstarf fer fram.

Stafræn menningarmálaáætlun 2025

Menningarhús í landsbyggðunum eru öflugir samfélagslegir kjarnastaðir sem styðja við fjölbreytta menningarstarfsemi, efla samfélagstengsl, styrkja listir og skapandi atvinnugreinar og stuðla að aukinni sjálfbærni í menningarlífi á hverju svæði. Markmið þessa verkefnis er að undirbyggja stefnu sem miðar að því að skapa ramma um menningarhús og þá sérstaklega menningarmiðstöðvar og þann mikil-væga vettvang og starfsemi sem þeim tengjast. Verkefnislýsing var í þremur liðum með markmiðið: **Að starfsemi menningarstofnana í landsbyggðunum verði eflid.**

Stafræn menningarmálaáætlun 2025

„Unnin verði stefnumótun og skilgreining á hlutverkum menningarmiðstöðva og sambærilegra stofnana á landsvísu líkt og gert er í nágrannalöndunum. Landshlutasamtökum sveitarfélaga verði falið að greina stöðu þeirra og leggja drög að stefnumörkun til framtíðar. Sérstaklega verði litið til samþættingar við sóknaráætlun viðkomandi landshluta.“

Stafræn menningarmálaáætlun 2025

Tafla 1. Helstu stærðir í landshlutunum.9

Landshluti	Kjarnar ¹⁰	Íbúar	Stærð	Íb./km²	Sveitar-félög	Staða menn-ingarlífs ¹¹	Mikilvægi menn-ingar ¹²
Austurland - SSA	12	11.085	15.705	0,71	4	3,45	4,05
Norðurland eystra - SSNE	21	31.574	22.686	1,39	11	3,84	4,02
Norðurland vestra - SSNV	7	7.294	13.106	0,56	4	3,71	4,10
Suðurland - SASS	23	34.076	30.966	1,10	15	3,62	4,08
Suðurnes - SSS	6	30.933	815	37,95	4	3,32	3,93
Vestfirðir - FV	13	7.168	8.844	0,81	8	3,63	4,12
Vesturland - SSV	14	17.419	9.529	1,83	9	3,57	4,01

Stafræn menningarmálaáætlun 2025

Stafræn menningarmálaáætlun 2025

Ljóst er að verkefnið sem hér er tekið saman er aðeins fyrsta skrefið í þeirri vegferð. Vinna þarf næstu skref í þéttu samtali við landshlutasamtök sveitarfélaga, starfandi rekstraraðila menningarhúsa og menningarstarfsemi, listamenn og þá er starfa að skapandi greinum. Líta þarf til þess ramma og umgjörðar sem gildir varðandi menningarstofnanir, menningarstefnu landsins og gagna eins og skýrslunnar *Framlag menningar og skapandi greina til verðmætasköpunar á Íslandi*¹³, þar sem fram koma fjölmargar tillögur og aðgerðir sem hafa má til hliðsjónar.

Stafræn menningarmálaáætlun 2025

Samantektinni er skipt í eftirfarandi kafla: Lýst er þeirri aðferðafræði sem beitt var við framkvæmd verkefnisins og gerð grein fyrir niðurstöðum gagnasöfnunar, því næst er greinargerð sérfræðings um fræðilegar undirstöður. Þar á eftir kemur niðurstöðukaflil þar sem tekinn er saman afrakstur þessa verkefnis og settar fram tillögur að næstu skrefum og útfærsla á þeim. Að lokum eru sett fram drög að stefnu um menningarhús. Í viðaukum má sjá þau tæki sem notuð voru til gagnaöflunar.

^[1] Kaflar lagasafns: 22. Menningarmál | Kaflar lagasafns | Alþingi

^[2] Reglugerðasafn Íslands

^[3] Stjórnarráðið | Menningarstefna

^[4] Stjórnarráðið | Söfn og menningarstofnanir

^[5] Stjórnarráðið | Listir, menning og skapandi greinar

^[6] Íbúafjöldi í ársbyrjun 2025 | Byggðastofnun
^[7] Byggðakjarni er, samkvæmt skilgreiningu Hagstofunnar, þéttbýli innan eins sveitarfélags með 50 eða fleiri íbúa og minna en 200 metra á milli húsa. Ef samfellt þéttbýli nær yfir fleiri en eitt sveitarfélag skilgreinist það sem jafn margir byggða-kjarnar.

^[8] Íbúakönnun | Byggðastofnun – Spurt var Hvernig metur þú ..Á skalanum 1 til 5. Landsmeðaltal 3,64. Höfuðborgarsvæði 3,83

^[9] Íbúakönnun | Byggðastofnun – Spurt var Hvernig metur þú ..Á skalanum 1 til 5. Landsmeðaltal 4,03. Höfuðborgarsvæði 3,97.

^[10] Skapandi greinar 2024FINAL.pdf

AÐFERÐIR, GÖGN OG FRAMKVÆMD

Aðferðafræði sem liggur til grundvallar í þessu verkefni er hefðbundin fyrir sambærilega vinnu og það vinnulag sem er skilvirkt við stefnumótunarvinnu; gagnasöfnun, úrvinnsla og niðurstöður.

Gagnasöfnun var þrjúþætt; 1) sett var saman **yfirlit yfir menningarhús í landsbyggðunum** og lagður fyrir **spurningalisti til að ná fram viðhorfum og hugmyndum**. Í yfirlitið voru skráðar nokkuð ítarlegar upplýsingar (sjá viðauka x) um húsin t.d. staðsetning, eigandi, rekstrarform, hvers konar menningarstarfsemi færi fram, hvaða búnaður væri til staðar. 2) Spurningalisti (sjá viðauka II) fylgdi með til þeirra sem beðnir voru að skrá upplýsingar í yfirlitin og voru það spurningar sem ætlað var að ná fram viðhorfum sem styddu við það markmið verkefnisins að finna sameiginlegar skilgreiningar um menningarhús, hlutverk menningarmiðstöðva og kanna möguleika og tækifæri menningarhúsa í landsbyggðunum. 3) Þriðji hluti gagnasöfnunar, fræðilegur bakgrunnur, var unninn samhliða af sjálfstætt starfandi sérfræðingi í menningarstjórnun og fólst í **samantekt á stöðu í löndunum í kringum okkur**. Í lýsingu á aðgerð B.9 í byggðaáætlun kom fram að slíkt skyldi gera og í fræðilegri samantekt var kannað hvaða stefnur og skilgreiningar væru um menningarhús og menningarstarfsemi, sér í lagi í landsbyggðunum. Einnig var litið til skrifa menningarfræðinga varðandi stefnur, kenningar, skilgreiningar og flokkunarkerfi sem helst eru ríkjandi og gætu nýst í stefnumótunarvinnu þessa verkefnis.

Upplýsingum um húsin var safnað þannig að starfsmenn landshlutasamtakanna í verkefnahópnum sendu yfirlitskráninguna og spurningalistann til starfsmanna sveitarfélaganna á sínum svæðum sem koma að menningarmálum. Allar upplýsingarnar voru sameinaðar í eitt skjal með yfirliti yfir öll húsin í öllum landshlutunum. Starfsmenn í verkefnahópinu fóru yfir skráningu síns landshluta og bættu við ef þeir töldu eitthvað vanta. Yfirlit yfir húsin var samræmt fyrir alla landshluta á samráðsfundi verkefnahópsins og þar voru dregnar línur um hvað ætti heima í því og hvað ekki. Niðurstaða samantektarinnar er grundvöllur að sameiginlegum skilgreining-

um á hugtökum sem tengjast menningarhúsum og þá flokkun sem að lokum var gerð á skráningaryfirlitinu.

Svör við spurningalistanum voru sömuleiðis sett í eitt gagnasafn og allar upplýsingar sem mátti rekja til einstaklinga afmáðar, einungis var haldið eftir úr hvaða landshluta svarið barst. Þau svör voru innihalds- og þemagreind til að finna sameiginlegan kjarna um leið og haldið var til haga því sem helst greindi á um eða var ólíkt.

Saman mynda þessi gögn þær niðurstöður og tillögur sem lagðar eru fram í skýrslunni.

Yfirlit landshlutanna yfir þá staði og hús þar sem menningarstarfsemi fer fram má nýta til að koma á framfæri því fjölbreytta starfi sem er til staðar. Slíkt getur nýst starfandi lista- og menningarfólki sem leitar aðstöðu fyrir vinnu og viðburði en einnig má sjá það gæti það nýst í öðru samhengi s.s. menningarferðamennsku. Beinast liggur við að setja það fram á vefsíðu, jafnvel samnýta með öðrum yfirlitsgögnum. Stærsta hluta vinnunnar er lokið og einfalt að uppfæra gagnasafnið árlega svo það haldi gildi sínu.



FRÆÐILEG ÚTTEKT¹⁴

Þessi úttekt er unnin í þeim tilgangi að varpa ljósi á skilgreiningar menningarhúsa og menningarmiðstöðva á Norðurlöndunum og hvaða hugtakanotkun er beitt, greina opinberar stefnur og ramma um starfsemi þeirra og máta við íslenskt samhengi. Við vinnslu úttektarinnar fór fram viðtæk gagnaöflun. Tiltækt efni um menningarstarfsemi og opinbera stefnumörkun á Norðurlöndunum var skoðað og gerð gróf kortlagning á menningarhúsum og menningarmiðstöðvum þar, valin dæmi tekin til nánari skoðunar og rekstrarforsendur þeirra greindar. Stuðningskerfi hvers lands var yfirfarið, bæði styrktarsjóðir og starfsemi stefnumarkandi listaráða.

Í nokkrum tilfellum var haft samband við stofnanir og óskað eftir upplýsingum. Í þeim samskiptum kom í ljós að norska menningar- og listaráðið (Kultur- direktoratet) væri að hefja sams konar vinnu við að kortleggja menningarstofnanir í Noregi, samþykktir þeirra og fjármögnun.¹⁵ Á sama tíma vinnur sænska greiningarstofnunin Kulturanalys Norden að sambærilegri skráningu fyrir Svíþjóð¹⁶, og Frame myndlistarmiðstöð Finnlands hefur sett af stað samstarfsverkefni sem miðar að því að greina lífvænleika menningarstofnana og sjálfbær rekstrarlíkön fyrir slíkar stofnanir á Norðurlöndunum¹⁷.

Reynt var að greina fjölda menningarhúsa og menningarmiðstöðva á Norðurlöndunum en ekki fundust heildartölur. Í Danmörku er að minnsta kosti ein menningarmiðstöð í hverju sveitarfélagi, sem eru 98 talsins.¹⁸ Í Finnlandi voru 185 menningarmiðstöðvar starfandi árið 2017.¹⁹ Þrátt fyrir fjölda miðstöðva virðist ekki vera til formlegt samstarfsnet á Norðurlöndum en í Danmörku hafa verið starfrækt samtök menningarmiðstöðva frá 1987 sem vinna að hagsmunagæslu og þekkingaskiptum.²⁰ Tvenn evrópsk samtök eru starfandi, Trans Europe Halles stofnuð árið 1983, fyrir sjálfstæðar menningarmiðstöðvar sem eru ekki í opinberri eigu og The European Network of Cultural Centres, stofnuð 1994, sem eru opin fyrir hverskonar rekstrarformi.²¹

Tilurð menningarmiðstöðva í Evrópu má rekja til verkamannahreyfinga seint á 19. öld og snemma á 20. öld. Í sögulegu samhengi hafa þær þjónað margvíslegum tilgangi, þ.á.m. að virkja íbúa í gegnum sköpunarkraft, styrkja samfélagið, byggja upp tengslanet og styðja við frumkvöðlastarf og nýsköpun. Hefðbundin menningarmiðstöð uppfyllir tilgang sinn með því að bjóða upp á rými og aðstöðu fyrir menningarviðburði og menningarstarf.

Gerð var markviss leit að rannsóknum og fræðigreinum sem fjalla um efnið út frá ólíkum sjónarhornum; stefnumótun, rekstrarforsendum og þátttöku notenda. Viðfangsefnið hefur hingað til verið lítið rannsakað en í því sem fyrir liggur, er lítið til Evrópu í heild fremur en Norðurlandanna sérstaklega. Í fræðigreinum má finna ýmsar skilgreiningar á hugtakinu menningarmiðstöð og tillögur að flokkunarkerfum sem nýtast við að skilja og greina fyrirbærið nánar. Þegar íslenskt samhengi er skoðað í ljósi flokkunarkerfa sem sett hafa verið fram í evrópskum og norrænum rannsóknum reynist oft erfitt að heimfæra þau beint yfir á íslenskar aðstæður. Leit að opinberum stefnum, lögum og reglugerðum sem skilgreina starfsemi menningarmiðstöðva á Norðurlöndunum leiddi í ljós að slíkur lagarammi er ekki til. Í menningarfestefnum ríkja og sveitarfélaga er einnig lítið fjallað um rekstur eða hlutverk miðstöðva, þó einstaka héruð og fylki hafi mótað sameiginlegar áætlanir. Erfitt er að draga upp heildstæða mynd vegna fjölda sveitarfélaga. Á öllum Norðurlöndunum starfa lista- eða menningarráð sem veita rekstrar- og verkefnastyrki. Í Finnlandi er m.a. gerð krafa um að starfsemin sé regluleg allt árið, rekin án hagnaðarsjónarmiða, ekki sé rúkað fyrir sýningarrými og jafnrétti kynjanna sé

tryggt.²² Í Svíþjóð er meiri áhersla lögð á verkefnastyrki til nýliða og atvinnumennsku en á beinan rekstrarstuðning.²³ Í austur-evrópskum ríkjum; Lettlandi, Búlgaríu og Litháen hafa verið sett sérlög um menningarmiðstöðvar sem afmarka hlutverk, skyldur og fjármögnun, en slík miðstýring getur haft takmarkandi áhrif á listrænt frelsi. Í Búlgaríu voru sett lög árið 1996 sem leggja áherslu á að miðstöðvar styrki menningarlíf, varðveiti hefðir og stuðli að félags- og fræðslutengdu starfi í samvinnu við nærsamfélagið. Menningarmiðstöðvarnar mega hvorki þjóna stjórnmalaflokkum né óskráðum trúfélögum og á ekki að reka í hagnaðarskyni., Sérstada Búlgaríu felst í samfélagslegum menningarmiðstöðvum (*chitalishte*) sem hafa starfað frá 1856 og eru dreifðar skipulega um landið. Þær voru viðurkenndar af UNESCO árið 2017 sem hluti af óáþreifanlegum menningararfi²⁵ Í Litháen gilda lög frá 2004 um menningarmiðstöðvar. Hlutverk þeirra er að rækta þjóðmenningu og áhugamannalist, sinna fræðslu, frístundum og faglegum listviðburðum. Hið opinbera og sveitafélög eru skyldug til að fjármagna eigin miðstöðvar en annars eru stofnendur ábyrgir fyrir fjármögnun miðstöðva.²⁶ Í Lettlandi voru lög um menningarmiðstöðvar sett 2022, í þeim segir að menningarmiðstöðvar skuli sinna fjölbreyttum verkefnum, allt frá fræðslu til skapandi greina og varðveislu þjóðararfleifðar.²⁷ Skilyrði er að miðstöðvarnar sinni lögbundnum verkefnum og að stofnendur beri ábyrgð á fjármögnun þeirra²⁸

Á Íslandi eru til lög um félagsheimili²⁹ og opinberar menningarstofnanir eru skilgreindar³⁰ en ekki eru til skilgreiningar um hlutverk menningarhúsa eða menningarmiðstöðva. Þessi hugtök eru notuð með mismunandi hætti eftir svæðum og aðstæðum. Á Austurlandi hefur það til að mynda verið notað til að skilgreina fjórar faglegar miðstöðvar sem starfa á svæðisvísu, staðsettar á fjórum mismunandi stöðum og hver og ein hefur þróað sérhæfingu. Algengasta form menningarmiðstöðva hér á landi er opinber miðstöð að einn starfsmaður sinni daglegu starfi. Þar er lögð áhersla á listir og menningu og starfinu er stýrt út frá forsendum stofnunarinnar. Þetta rekstrarfyrirkomulag hefur reynst nokkuð vel í íslensku samhengi en algengt er að starfsfólk staldri stutt við í starfi.

Félagsheimili á Íslandi eiga sér langa sögu og hafa sinnt mikilvægu hlutverki í að mæta félagsþörf nærumhverfisins, einkum í minni byggðum þar sem einkarekstur á erfitt uppdráttar vegna smæðar markaðarins. Í landsbyggðunum eru starfandi fjölmörg félagsheimili, en í fræðunum er ekki til skýr aðgreining á milli félagsheimila og menningarmiðstöðva. Ein leið gæti verið að horfa til áherslna í starfsemi: menningarmiðstöðvar beina starfi sínu að listum, menningu og fræðslu, en félagsheimili sinna fremur frístundum, afþreyingu og félagslegri starfsemi. Í sumum tilvikum blandast þessi hlutverk saman. Sé lítið til stjórnskipulags má finna frekari aðgreiningu. Menningarmiðstöðvum er oft stýrt út frá listrænum forsendum, en það er sjaldgæft í tilviki félagsheimila. Báðar gerðir rýma geta þó verið notendastýrðar, stofnanastýrðar eða opinberlega stýrðar, en listræn forysta er einkennandi fyrir menningarmiðstöðvar.

Menningarstarfsemi hér á landi er almennt óhagnaðardrifin og hefur því takmarkaða samkeppnisstöðu á markaði. Menning og listir eiga að vera hafin yfir markaðslögmálin og hafa djúpstæðari tilgang en að afla tekna. Víða um land má þó finna lítil einkarekin rými sem bjóða upp á vettvang fyrir menningarstarf og samfélagslega þátttöku. Þessi rými byggja oft á listrænum og samfélagslegum forsendum. Tilvist þeirra stuðlar að gagnrýnni hugsun, þekkingarskiptum og þekkingarsköpun. Þau eru öflug og virk menningarhús, stýrt af grasrótinni og valdefla hana þar sem ekki er stýring yfirvalda. Þar er mjög mikilvægt að styrkja og styðja við einkaframtakið sem er mjög öflugt í íslenska menningarlandslaginu. Umhverfi menningarmiðstöðva á Íslandi hefur tekið miklum breytingum á síðustu 25 árum, einkum eftir að ríkið hóf markvissa uppbyggingu menningarhúsa í landsbyggðunum kringum aldamótin. Þó niðurstaðan hafi verið mismunandi milli landshluta er það til fyrirmyndar að staðið hafi verið að því að byggja upp vettvang og aðstöðu til listflutnings í landshlutunum. Menningarhús og menningarmiðstöðvar gegna lykilhlutverki í landsbyggðunum við að efla menningarlega sjálfsmynd, styrkja samfélagstengsl og skapa vettvang fyrir skapandi starfsemi.

¹⁴ Samantektin er efnislega unnin af Tinnu Guðmundsdóttur menningarstjórnanda MA og aðlöguð með viðbótum af verkefnastjóra Tinnu Halldórsdóttur.

¹⁵ Bréfasamskipti, 12. des. 2024, Jonas Ekeberg, Arts and Culture Norway, Kulturdirektoratet.

¹⁶ Bréfasamskipti, 19. des. 2024, Sofia Arkhede, Kulturanalys Norden.

¹⁷ Bréfasamskipti, 20. jan. 2025, Arvid van des Rijt, Frame Contemporary Art Finland.

¹⁸ Participation in Cultural Centres in Denmark, 2023. Bls. 3.

¹⁹ The Challengers of Public Cultural Centres 2019. Bls. 2.

²⁰ <https://www.kulturhusene.dk/omkulturhusene>

²¹ Business models profiling of cultural centres and performing arts organisations.

Bls. 8 / [Trans Europe Halles: About us](#) og [European Network of Cultural Centers](#)

²² [Tajke](#).

²³ [Kulturradet](#).

²⁴ [LEX.bg](#)

²⁵ [UNESCO, Bulgarian Chitalishte \(Community Cultural Centre\): practical experience in safeguarding the vitality of the Intangible Cultural Heritage](#)

²⁶ [Lietuvos Respublikos Seimas \(2004\). Law on Centres for Culture](#)

²⁷ The Issue with defining and classifying cultural centers. Dita Pfeifer, 2022. Bls. 34-35

²⁸ [LIKUMI, Law on Culture Centres](#)

²⁹ [107/1970: Lög um félagsheimili | Lög | Alþingi](#)

³⁰ [Söfn og menningarstofnanir](#)



Gosi leikur á Gullkistunni

Hugtök um menningartengda starfsemi og hlutverk menningarhúsa

Á Íslandi eru notuð nokkur hugtök sem vísa til menningar- og listatengdrar starfsemi sem fram fer í tilgreindum húsum. **Menningarmiðstöð, menningarhús, menningarsetur, menningarstofa** og **menningarstofnun** eru algeng bæði sem hluti af nafni þeirrar starfsemi sem þau vísa til og í upplýsingum sem rekstraraðilar birta um menningar- og listatengda starfsemi sína (sjá *viðauka IV* fyrir skýringar og dæmi). Ef litið er í íslenska orðabók vísar **miðstöð** til aðseturs en **menningarmiðstöð** til: ‚miðstöðvar þar sem eru viðburðir og fræðsla á sviði menningar og lista‘, **stofnun** vísar til fastrar starfsemi ákveðinna verkefna í almannaþágu eða til aðseturs stofnunar og **menningarstofnun** stendur fyrir: ‚stofnun sem sinnir menningarstarfi‘. **Hús** vísar einungis til húsbýggingar, **stofa** stendur fyrir herbergi í húsi, skóla eða vinnustaðar sérfræðings og **setur** vísar til: ‚staðar sem hýsir ákveðna starfsemi, svo sem safn‘. Hvorki menningarhús, menningarstofa né menningarsetur eru til í orðabók í þeim myndum³¹ en ganga má að því sem vísu að flestir skilja að átt er við menningarstarfsemi af einhverjum toga. **Menningarstofnun** er eina hugtakið á íslensku sem hægt er að segja að eigi við um ákveðna starfsemi og skuli nota í viðeigandi samhengi en á vef menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðráðuneytis er listi yfir menningarstofnanir og söfn³² og því eðlilegt að nota hugtakið aðeins yfir þær stofnanir sem þar koma fram. Orðabókarskilgreining á **menningarmiðstöð** sem segir ‚miðstöðvar þar sem eru viðburðir og fræðsla á sviði menningar og lista‘ á við um ákveðið mengi í menningarstarfsemi en önnur menningarstarfsemi rúmast ekki innan þessarar skilgreiningar. Því er líklega gagnlegt að skilgreina einnig önnur hugtök sem eru í notkun varðandi menningarstarfsemi s.s. menningarhús, menningarsetur og menningarstofa. Líta þarf til notenda þeirra til að finna sameiginlegan þráð eða flöt sem gagnast í samtali um það fjölbreytta menningarstarf sem fram fer víðsvegar um landið.

Ef þessi hugtök eru þýdd beint á ensku verða til samsetningar sem hafa litla merkingu og í ensku virðist *cultural center* vera regnhlífarheiti yfir byggingar þar sem menningarstarfsemi fer fram og meðal fræðimanna er vaxandi áhugi á að þróa um það flokkunar- og skilgreiningarkerfi.³³ *Cultural Institution* og *cultural organization* eru hugtök sem lýsa sambærilegri starfsemi og íslensku hugtökin en ekki er stigveldi eða formlegur munur á þeim eða þeirri starfsemi sem þau lýsa. Í Danmörku er *kulturinstitution*³⁴ regnhlífarheiti yfir hús þar sem menningarstarfsemi fer fram og *kulturhus* er almenna hugtakið yfir menningarhús eða menningarmiðstöð þó kulturcenter sé einnig til. Gerð var kortlagning á menningarhúsum (*Kulturhuse i Danmark - et kvantitativt studie af et mangfoldigt felt*³⁵) í Danmörku 2020 af *Samtökum danskra menningarhúsa* (Kulturhusene)^{36,37} í þeim tilgangi að ná utan um fjölda þeirra, starfsemi og hlutverk. Í kortlagninguna voru tekin almenningsbókasöfn ásamt öllum aðilum sem ráku menningarstarfsemi. Upplýsingarnar voru sóttar gegnum sveitarfélögin og sérfræðinga sem starfa á svæðisvísu, svipað og gert er í þessu verkefni um *Menningarhús í landsbyggðunum*. Settar voru fram sex forsendur til að skilgreina menningarhús og þurfti að uppfylla að minnsta kosti þrjár til að teljast menningarhús³⁸.

- » Opnar vinnustofur og aðstaða til iðkunar lista og menningar
- » Tækifæri til verkefna sem spretta af frumkvæði íbúa/almennings
- » Virk þátttaka íbúa í félags- og menningarstarfsemi
- » Sambland faglegs starfs og áhugamannastarfs
- » Samþætting félagslegrar og menningarlegrar starfsemi
- » Áhersla á fjölbreytileika (í viðfangsefnum, þátttakendum og/eða hópum notenda)

Niðurstaða dönsku kortlagningarinnar var að ekki væri hægt að skilgreina hið dæmigerða menningarhús en settir voru fram ramar til að flokka eftir stærð, rekstrarfyrirkomulagi o.fl. sem gáfu mynd af því hversu fjölbreytt starfsemi menningarhúsanna er. Menningarhús geta verið staðsett í nýbyggingum, iðnaðarrýmum

eða jafnvel fyrrum verslunarrými, trúar- og hernaðarbyggingum.³⁹ Húsnæðið sem slíkt skilgreinir ekki menningarhús eða menningarmiðstöð heldur starfsemin, en samhljómur er þó í fræðunum um að þar sem einblínt er á eina listgrein s.s. leiklist, tónlist eða myndlist, skuli tala um leikhús, tónlistarhús og sýningarstað en ekki menningarmiðstöð. Í sænskri rannsókn frá 2010 er fjallað um Menningarhúsið í Luleå, reist árið 2007, þar sem menningarmiðstöð er lýst sem fjölnota húsnæði með tónleikahaldi, bókasafni og sýningarrými, en einnig kaffihúsi og veitingastað sem þjónar sem samkomustaður. Í þeirri rannsókn er menningarmiðstöð skilgreind sem **staður til að stunda menningariðju og veitir tækifæri til að upplifa menningu**.⁴¹ Í Norrbotten, á svæði 14 sveitarfélaga í Svíþjóð er hlutverk menningarhúsa og menningarmiðstöðva sett fram í sameiginlegri menningarstefnu, *Culture Plan 2023-2026*.⁴² Í stefnunni er lögð áhersla á þátttöku, fjölbreytni, sjálfbærni, nýsköpun, barnamenningu og samstarf. Region Norrbotten sér um framkvæmd menningarstefnunnar með samningum við menningarstofnanir. Havremagasinet í Boden er bundið eftirfarandi skilyrðum: að framleiða fimm sýningar á ári, tryggja að þær hafi snertiflöt við lýðræði, tjáningarfrelsi og fjölbreytni, verja fimmtungi vinnustunda til barna og ungmenna, hafa opið að lágmarki fimm daga í viku og samræma starfsemi menningarstefnu svæðisins.⁴³ Fleiri rannsóknir á hlutverki og markmiði menningarhúsa hafa undirstrikað að þær séu staðsettar í ápreifanlegu rými sem er fjölfaglegt⁴⁴ og tileinkað miðlun lista, menningar, fræðslu og heimspekilegrar tjáningar.⁴⁵ Starfsemin er almennt fjölbreytt og opin fyrir þátttöku og frumkvæði íbúa, t.d. í gegnum sjálfböðavinnu.⁴⁶ Í miðstöðvunum skapast vettvangur til að tengja fagfólk og áhugafólk gegnum listrænar og menningarlegar gjörðir⁴⁷ sem og með viðburðum og vinnustofum.^{48,49} en þær geta einnig haft menningarlegt þjónustuhlutverk.⁵⁰ Nýleg rannsókn í Lettlandi þar sem kafað var í hlutverk og eiginleika menningarmiðstöðva dró fram þrjá grunnþætti þeirra:

- » fjölnota, bæði hvað varðar úrval viðburða og notkunargildi
- » samfélags- og menningarlegar og einbeita sér að nærsamfélaginu
- » hafa aðsetur í byggingu með tæknilegri aðstöðu.⁵¹

³¹ [Íslensk nútímamálsorðabók. Halldóra Jónsdóttir og Þórdís Vífarsdóttir \(ritstj.\). Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.](#)

³² [Söfn og menningarstofnanir_listi_2020.pdf](#)

³³ [The Issues of Defining and Classifying Cultural Centres](#)

³⁴ [Den Danske Ordbog: kulturinstitution](#)

³⁵ [Kulturhuse i Danmark](#)

³⁶ [Kulturhusene.dk](#)

³⁷ [Kulturhusene.dk](#)

³⁸ [Kulturhuse i Danmark_bls. 8](#)

³⁹ Strategic Cultural Center Management. Bls. 1-2.

⁴⁰ Strategic Cultural Center Management. Bls 1.

⁴¹ Effekter av byggandet av Kulturens hus i Lulea. Kristina L. Stenlund, 2010. Bls. 3.

⁴² Culture Plan. Region Norrbotten 2023-2026.

⁴³ Tölvupóstsamskipti við Mariangela Mendez Prencke – Konsthallschef, Havremagasinet Länskonsthall Boden. 21. Feb. 2025.

⁴⁴ Business models profiling of cultural centres and performing arts organisations. Bls. 8

⁴⁵ Rethinking Cultural Centers. Tomas Jarvinen. Routledge, 2023. Bls. 3

⁴⁶ Rethinking Cultural Centers. Tomas Jarvinen. Routledge, 2023. Bls. 3

⁴⁷ RECcCORD – Rethinking Cultural Centers in a European Dimension (2015-2017) bls. 2-3

⁴⁸ Rethinking Cultural Centers. Tomas Jarvinen. Routledge, 2023. Bls. 3

⁴⁹ The Challengers of Public Cultural Centres 2019. Bls. 2

⁵⁰ Strategic Cultural Center Management. Bls. 1.

⁵¹ The Issue with defining and classifying cultural centers. Dita Pfeifer, 2022. Bls. 31

Draga má umfjöllun um hlutverk og markmið menningarhúsa og menningarmiðstöðva saman í þrjú grunnþætti: **rými, fjölbreytt dagskrárstefna og tengsl við nærsamfélagið**. Út frá þeim forsendum og skilgreiningum mætti álykta að hérlandis sé ekki grundvallarmunur á fyrirbærinu menningarmiðstöð eða fyrirbærinu félagsheimili. En við nánari rýni má sjá að hugtakið menningarmiðstöð eða menningarhús er oftar tengt ákveðnum listrænum eða menningarlegum forsendum og um ólíkar stofnanir. Félagshemili eru oftar samkomustaðir samfélaganna sem þau eru staðsett í en þetta getur þó farið saman. **Gagnlegt væri að nýta þau flokkunarkerfi og skilgreiningar sem fram koma í erlendum samantektum og rannsóknum til að skerpa á og skýra hlutverk og tilgang menningarhúsa með sérstöku tilliti til félagsheimilanna.**

Ísland: Félagshemili og menningarhús

Félagshemili risu víða á Íslandi um miðja síðustu öld og voru mikilvægir samkomustaðir í félags- og menningarlífi byggðanna. Fyrstu **lög um félagshemili** voru sett árið 1947 og endurnýjuð árið 1970. Í þeim var kveðið á um að félagshemili skyldu vera samkomuhús fyrir ungmennafélög, verkafélög, íþróttafélög, lestrarfélög, bindindisfélög, skátafélög, kvenfélög, búnaðarfélög og önnur menningarfélög. Húsin skyldu standa almenningi opin, óháð stjórnmalaskoðunum, og nýtast til fundahalda, félagsstarfsemi og sem samkomuhús sveitarfélaga.⁵² Til að styðja þessa uppbyggingu var Félagshemilaskjöldur komið á fót sem veitti sveitarfélögum framlög til byggingar. Á áttunda áratugnum varð til sérstakur *Meningarsjóður félagsheimila* til að styðja við menningarstarfsemi í félagshemilum, meðal annars með fjármagni sem safnaðist með skemmtanaskatti sem var lagður af 1989 um leið og *Félagshemilaskjöldur*.^{53,54} *Meningarsjóður félagsheimila* hlaut áfram árlegt framlag á fjárlögum til 2008 þegar aðrir menningarsjóðir voru stofnaðir.⁵⁵ Árið 1981 voru 173 félagshemili á Íslandi, í 134 bæjar- og sveitafélögum, auk þess sem 12 voru í

byggingu.⁵⁶ Undanfarna áratugi hafa mörg sveitarfélög selt félagshemilin til einka aðila. Tölur um fjölda félagsheimila í dag eru ekki aðgengilegar en yfir 100 eru með virka skráningu hjá fyrirtækjaskrá Ríkisskattstjóra, en sömuleiðis eru yfir 100 félagsheimili afskráð.⁵⁷

Á árunum kringum 1999 varð stefnubreyting þegar ríkisstjórnin kynnti áform um markvissa uppbyggingu menningarhúsa í landsbyggðunum. Markmiðið var að skapa faglega aðstöðu sem uppfyllti kröfur samtímans og stuðlaði að blómlegu menningarlífi. Áætlað var að byggja hús á fimm stöðum: Ísafirði, Sauðárkróki, Akureyri, Egilsstöðum og Vestmannaeyjum. Á Ísafirði var þá þegar hafin endurbygging **Edinborgarhússins** sem gat orðið hluti átaksins ásamt Safnahúsinu á Ísafirði og tónlistarsalnum Hömrum á Ísafirði.⁵⁸ Með þessu frumkvæði var í fyrsta sinn gerður skýrari greinarmunur á félagshemilum, sem þjónuðu fyrst og fremst almennri félagsstarfsemi og viðburðum, og menningarhúsum, sem skyldu veita tæknilega fullbúna aðstöðu fyrir listviðburði og þjóna stærra svæði. Stefnunni var fylgt eftir á næstu árum. **Menningarhúsið Hof** á Akureyri, sem opnaði árið 2010, var eitt af upphaflegu verkefnum. Í Vestmannaeyjum var farin önnur leið og fjármunum varið til byggingar **Eldheima**, safns um eldgosíð 1973, á grundvelli samnings frá 2005.⁵⁹ Á Sauðárkróki stendur verkefnið enn yfir og var undirritað samkomulag árið 2023, eftir að viljayfirlýsing hafði verið gefin árið 2018.⁶⁰ Á Austurlandi var þriðja leiðin farin; þar gerðu sveitarfélögin samstarfssamning við menntamálaráðuneytið árið 2001 um uppbyggingu menningarmiðstöðva: **Tónlistarmiðstöð Austurlands** í Kirkju- og menningarmiðstöðinni á Eskifirði, **Myndlistarmiðstöð Austurlands** í Skaftelli á Seyðisfirði og **Sviðslistamiðstöð Austurlands** í Sláturhúsinu – Menningarmiðstöð Fljótsdalshéraðs.^{61,62} Á þeim tíma var Hornafjörður enn hluti Austurlands og fjórða miðstöðin var **Menningarmiðstöð Hornafjarðar**. Í lok árs 2025 var svo tilkynnt að Sköpunarmiðstöðin yrði fjórða miðstöðin á Austurlandi.

⁵² Lög um félagshemili nr. 107/1970

⁵³ Lög um félagshemili nr. 107/1970 og Lög um skemmtanaskatt 58/1970

⁵⁴ [276/111 stjórnarfrumvarp: Verkaskipting ríkis og sveitarfélaga | Dingtíðindi | Alþingi](#)

⁵⁵ [438/145 svar: Menningarsjóður félagsheimila | Dingtíðindi | Alþingi](#)

⁵⁶ Sjóðurinn virðist ekki hafa verið lagður niður formlega, ekki finnst nýrri heimildir þar sem minnst er á hann

⁵⁷ [Tillaga til þingsályktunar um skipun nefndar til að kanna stöðu og rekstrarmöguleika félagsheimila](#).

⁵⁸ [Fyrirtækjaskrá: Félagshemili](#)

⁵⁹ „Til að menning og listir fái blómstrað,“. Morgunblaðið, 08.01.1999, bls. 34-35;

„Menningarhús í hvert kjördæmi.“ Dagur, 08.01.1999, bls. 3;

„Vel tekið í hugmyndir um menningarhús,“. Morgunblaðið, 09.01.1999, bls. 24;

Halldór Björn Runólfsson, „Glæsileg menningarmiðstöð í Edinborgarhúsi,“. Morgunblaðið, 11.01.1998, bls. 24.

⁶⁰ „[Gosmínjasafnið Eldheimar opnað í Eyjum](#)“: RÚV.

⁶¹ „[Menningarhús verður byggt á Sauðárkróki](#)“: Feykir.

⁶² „[480 milljónir í menningarhús á Egilsstöðum](#)“: RÚV.

⁶³ „[Samkomulag um menningarhús á Fljótsdalshéraði](#)“: RÚV.



Tafla 2. Algengast er að flokka menningarhús eftir eignarhaldi, rekstraraðila, starfsemi og stjórnun.

Eignarhald	Rekstraraðili	Starfsemi	Stjórnun
Opinber	Einnar manneskju miðstöð	Listir og menning	Listræn stýring
Einkarekin	Hópur	Fræðsla	Notendastýring
Í blönduðum rekstri	Grenndarmiðstöð	Frístund og afþreying	Stofnunarstýring
Fyrirtæki í opinberri eigu	Skapandi borg/svæði	Félagsleg starfsemi	Opinber stýring

Flokkunarkerfi

Í Evrópu eru nokkrar tegundir rekstrarmódela fyrir menningarmiðstöðvar. Starfsemi menningarmiðstöðva hefur mótast á löngu tímabili af sögulegum, stjórnmálalegum og félagshagfræðilegum þáttum, auk landfræðilegra og staðbundinna aðstæðna í hverju landi.⁶³ Menningarmiðstöðvar eða -hús er algengast að flokka í fjóra megin flokka:

- eftir eignarhaldi
- eftir rekstraraðila
- eftir starfsemi
- eftir stýringu eða stjórnun.

Flokkunarkerfi eru fyrst og fremst greiningartæki til að skilja fjölbreytileika menningarhúsa og menningarmiðstöðva og eru gagnleg til að kortleggja og fá yfirsýn yfir stöðuna hverju sinni. Þau varpa ljósi á að rekstrarform, eignarhald, stjórnun og dagskrárstefna geta verið mjög ólík og ekkert eitt form er betra en annað. Skoða þarf hverja flokkunaraðferð í samhengi við þann tilgang sem liggur að baki því að verið er að flokka. Ef beita á þessum flokkunaraðferðum í íslensku samhengi þarf að skilgreina hvaða mengi menningarhúsa er til skoðunar og tengja við hlutverk, rekstur og væntingar til menningarhúsa og menningarmiðstöðva.

Tafla 3. Menningarmiðstöðvar flokkaðar eftir eignarhaldi.

Opinberar menningarmiðstöðvar eru í eigu og rekin af hinu opinbera eða sveitarfélagi. Leggja jafnan áherslu á framleiðslu menningarviðburða, þar sem val og skipulagning viðburða eru í forgangi til að þjóna íbúum. Þær geta einnig verið mikilvægt tæki fyrir sveitarfélög til að útfæra eigin menningarstefnu og styðja við íbúapróun.⁶⁴

Einkareknar menningarmiðstöðvar eru sjálfstæðar, oftast í eigu einstaklinga eða félagasamtaka. Leitast við að skapa frjálsan og öruggan vettvang þar sem einstaklingar geta kannað menningu og tjáð sig. Leggja áherslu á að styðja menningu bæði út frá sjónarhorni einstaklingsins og samfélagsins í heild. Þjóða upp á hlutlaust rými þar sem rýnt er í skapandi hugsun og sköpun sem er sett fram í félagslegu og menningarlegu samhengi. Mismunandi staðið að fjármögnun rekstursins.⁶⁵

Menningarmiðstöðvar í blönduðum rekstri eru nýjasta rekstrarfyrirkomulagið og fæst tilfelli. Heimild til ákvarðanatöku er mjög mismunandi eftir miðstöðvum og fjármögnun af ýmsum toga.

Menningarmiðstöðvar reknar af fyrirtækjum í eigu hins opinbera eða sveitarfélags: eru mjög margvíslegar en rekstrarformið býður upp á fjölbreyttari leiðir við tekjuöflun, t.d. með styrkjum og miðasölu.⁶⁶

Líklegt er að opinbert eignarhald sé algengasta formið á Íslandi. Einkareknar menningarmiðstöðvar eru fremur fáar en nokkuð er um einkarekstur þegar tónlistar- og sýningarstaðir eru teknir inn í mengið. Rekstrarfyrirkomulagið menningarmiðstöð í blönduðum rekstri hefur aukist á síðustu árum en einungis eitt dæmi fannst um miðstöð sem notar rekstrarformið opinbert einkahlutafélag; Harpa. Til að setja þessa flokkun í norrænt samhengi þá er opinber menningarmiðstöð algengasta fyrirkomulagið í Finnlandi.⁶⁷ Af þeim 185 miðstöðvum sem voru starfandi þar árið 2017 voru: 114 reknar af hinu opinbera, 17 í einkaeigu, 26 af blönduðu rekstrarformi og 28 af fyrirtækjum í ríkiseigu.⁶⁸

Algengasta fyrirkomulagið hérlendis er einnar manneskju miðstöð og eru mörg dæmi um slíkt á landsvísu, t.d. Flóra á Akureyri og Alþýðuhúsið á Siglufirði.

Tafla 4 Menningarmiðstöðvar flokkaðar eftir rekstraraðila.

Einnar manneskju miðstöð

Þar vinnur einn starfsmaður, sem tekur frumkvæði og sinnir rekstri og framkvæmd. Miðstöðin er með fá verkefni og býr oftast yfir sterkri listrænni ásýnd. Miðstöðin er sveigjanleg og bregst hratt við fjárhagserfiðleikum. Stjórnskipulag er einfalt, það reynir mikið á stjórnanda og mikil vinna fer í að fjármagna næsta verkefni.

Miðstöð rekin af listrænum hópi eða hópi aðgerðasinna

Þessi tegund af miðstöð er stærri en sú hér að ofan. Miðstöðin er rekin af einstaklingum, mögulega vinum, sem vinna saman við að skipuleggja fáa viðburði sem eru oftast með sterkar listrænar eða pólitískar áherslur, eða bjóða upp á vettvang fyrir einstakling og hópa til að sinna þróunarstarfi. Þessi tegund er ný af nálinni, fer fjölgandi og er sífellt að þróast. Vinnuframlag kemur frá sjálfboðaliðum.

Grenndarmiðstöð

Þessi tegund er með sterkar áherslur á nærsamfélagið og stuðlar að því að aðstoða við að leysa félagslegar áskoranir gegnum menningartengt frumkvæði, oft í samstarfi við sveitafélag eða yfirvöld. Þessar tegundir miðstöðva eiga sér langa sögu og eru stofnaðar á sjötta og sjöunda áratugnum. Þær eru þaulskipulagðar og faglega reknar stofnanir, með skýra sýn og stefnu. Höfuðáhersla er lögð á samfélagsleg verkefni og menningu sem tengjast samfélaginu.

Skapandi borg eða svæði

Þessi tegund hefur orðið til á síðustu 15-20 árum, sem hluti af frumkvæði yfirvalda til að efla menningu og nýsköpun í þéttbýli og svæðisbundinni uppbyggingu. Markmiðið er að þjóna sem vettvangur fyrir menningarstarfsemi í borginni eða svæðinu og vera mikilvægur þáttur í að skapa lífandi frumkvöðla borg /svæði. Eru oftast staðsettar í endurgerðum iðnaðarbyggingum.⁶⁹

Tafla 5. Menningarmiðstöðvar flokkaðar eftir starfsemi.

Listir og menning

Veita aðgang að listum og menningarþjónustu, framleiða og miðla fjölbreyttum menningar- og listviðburðum, bjóða samfélögum upp á fjölbreytt tækifæri til menningarlegrar þátttöku, standa vörð um menningararfinn, staðbundnar hefðir og þjóðmenningu, safna og miðla upplýsingum um menningu.

Fræðsla

Veita menntun á sviði menningar og óformlega fræðslu, bjóða börnum og ungmennum upp á listnám, skapa tækifæri til símenntunar, bjóða upp á fræðslu, svo sem vinnustofur, námskeið og fyrirlestra.

Frístund og afþreying

Veita aðgang að afþreyingarstarfsemi og rýmum fyrir tómstundir, skipuleggja skemmtanaviðburði, halda utan um afþreyingarviðburði og tómstundastarf.

Félagsleg starfsemi

Skipuleggja aðgerðir til að stuðla að félagslegri aðlögun, efla menningartengda samræðu milli ólíkra hópa, hvetja til samfélagslegrar þátttöku, samfélagsvinnu og sjálfboðastarfs, styðja við virka borgaravítund með menningarstarfi.⁷⁰

Fjármögnun og rekstur menningarstarfsemi er snúin og launakostnaður stærsti kostnaðarliðurinn hjá öllum lögaðilum. Miðstöð rekin af listrænum hópi eða hópi aðgerðasinna er ekki mjög algeng en dæmi um slíkt eru Verksmiðjan á Hjalteyri og Heima á Seyðisfirði. Hugtakið grenndarmiðstöð er ekki til sem hugtak tengt menningu á íslensku en undir þennan flokk mætti setja félagsheimilin og Gerðuberg í Breiðholti. Undir síðasta flokkinn, Skapandi borg eða svæði, má setja frumkvöðla- og nýsköpunarsetur, mögulega Hafnarhaus og Gufunes í Reykjavík. Eignarhald og rekstur geta verið mismunandi þó opinbert eignarhald sé mögulega algengast nema þar sem miðstöðvar eru reknar af listrænum hópi eða hópi aðgerðasinna.

^[1] The Issue with defining and classifying cultural centers. Dita Pfeifer, 2022. Bls. 33.

^[2] Strategic Cultural Center Management. Bls. 1-2.

^[3] Strategic Cultural Center Management. Bls. 7-8.

^[4] Rethinking Cultural Centers. Tomas Jarvinen. Routledge, 2023. Bls. 8.

^[5] Rethinking Cultural Centers. Tomas Jarvinen. Routledge, 2023. Bls. 7-8.

^[6] Rethinking Cultural Centers. Tomas Jarvinen. Routledge, 2023. Bls. 2.

^[7] RECCCORD – Rethinking Cultural Centers in a European Dimension (2015-2017). Bls. 26-29.

^[8] The Issue with defining and classifying cultural centers. Dita Pfeifer, 2022. Bls. 35.

Menningarmiðstöðvar í Evrópu hafa í gegnum tíðina verið samkomustaðir almennings og á mismnandi þróunarstigum stuðlað bæði að menningarstarfsemi, fræðslu, afþreyingu og félagsstarfi.⁷¹ Nýleg lettnesk rannsókn⁷² sýnir að mögulegt er að flokka starfsemi menningarmiðstöðva í Evrópu í fernt út frá áherslum í starfsemi: listir og menning, fræðsla, frístund og afþreying og félagsleg starfsemi. Á Íslandi eru til menningarhús með sérhæfða starfsemi en algengara er að starfsemin sé fjölbreytt og húsnæði fjölnota. Margar menningarmiðstöðvar hérlendis bjóða upp á svolítið af öllu og sinna öllum þessum þáttum að einhverju leyti. Mögulega vegna þess að miðstöðvarnar sinna oft fámennum svæðum og þurfa að bjóða upp á fjölbreytta dagskrá til að ná til sem flestra.

Með flokkun út frá stýringu eða stjórnun er vísað til þess á hvaða forsendum starfsemin byggist. Einnig hefur verið skoðað hvernig mismunandi stjórnun hefur áhrif á þátttöku og virkni notenda.⁷⁴ Fáar menningarmiðstöðvar á Íslandi byggja starfsemi sína á listrænni- eða notendastýringu. Algengt er að tónlistar- eða sýningarhús séu með listræna stýringu í forgrunni, sem dæmi Skaftfell á Seyðisfirði. Notendastýring er algeng í félagsmiðstöðvum og ungmennahúsum en einnig styðst félagsrýmið Andrými á Bergþorugötu við þannig stýringu. Á Íslandi eru margar miðstöðvar stofnanastýrðar og er það líklega algengasta stjórnunarformið. Flestar menningarmiðstöðvar á Íslandi hafa skipulagsskrá eða samþykktir sem leggja línurnar út frá fyrirfram skilgreindum markmiðum. Menningarmiðstöðvar með opinbera stýringu eru þjóðarstofnanirnar og jafnvel félagsheimili í eigu sveitarfélaga.

Tafla 6. Menningarmiðstöðvar flokkaðar eftir stýringu eða stjórnun

Listræn stýring

Í stjórnun er lögð áhersla á listræn heilindi, hreyfanleika, sjálfstæði og frelsi. Hin hugmyndalega fyrirmynd byggir á frelsi, vandaðri listsköpun, þekkingu og skuldbindingu gagnvart listum. Þessi tegund miðstöðvar getur lent í þeim aðstæðum að skilgreina sig í andstöðu við áherslur ríkis og sveitarfélaga, sem getur leitt til erfiðleika við fjármögnun. Afleiðingin er oft sú að reksturinn er ótryggur. Samstarf við notendur leiðir af sér að listamenn eru sjálfstæðir, ýtt er undir tilraunastarfsemi í listum, samsköpun og samtöl við almenning. Ákvarðanir eru fyrst og fremst teknar út frá listamönnunum sjálfum og þeim sem leggja sitt af mörkum til reksturs miðstöðvarinnar, frekar en notendum. Þessi nálgun hefur oft í för með sér að menningarmiðstöðin fær ekki mikla athygli frá almenningi og fræðslustarf nær til takmarkaðs hóps.

Notendastýring

Felur í sér að stjórnendur leggja áherslu á sjálfstæði einstaklingsins, sjálffræði hans, þarfir, velferð og getu til að taka ákvarðanir. Þessi stefna byggir á þeirri hugmynd að hvorki ríkið né stofnunin eigi að hafa afskipti af vali einstaklingsins um hvað teljast góð lífsgæði. Togstreita getur myndast vegna ólíkra óska og þarfa þátttakenda, sem getur hamlað sjálfstæði stofnunarinnar.

Stofnunarstýring

Í skipuriti stofnunarinnar er vettvangur sem hefur heimild til að setja markmið og ákveða hvaða leiðir eru farnar til að ná þeim. Hugmynda- legur grundvöllur er sterkur og stofnunin sjálfbær. Er ekki endilega í andstöðu við ríkisafskipti, en getur raskast ef ríki eða sveitarfélög virða ekki sjálfstæði stofnunarinnar. Menningarmiðstöðvar sem leggja áherslu á stofnanastýringu standa oft frammi fyrir áskorunum þegar mismunandi vilji notenda rekst á við hefðbundin viðmið stofnunarinnar.

Opinber stýring

Stýrt að ofan, ríkið skilgreinir markmið og ákveður leiðir til að ná þeim, jafnvel með laga- eða regluramma. Áherslan er oft lögð á skapandi og snjallar borgir og getur myndast togstreita á milli notenda og miðstöðvarinnar ef áherslur í starfi og væntingar standast ekki. Sú staða getur komið upp að hið opinbera sé ekki móttækilegt fyrir vilja notenda og útiloki notendur frá starfseminni.⁷³



⁷¹ The Issue with defining and classifying cultural centers. Dita Pfeifer, 2022. Bls. 35.
⁷² The Issue with defining and classifying cultural centers. Dita Pfeifer, 2022. Bls. 35.
⁷³ RECCORD – Rethinking Cultural Centers in a European Dimension (2015-2017). Bls. 31.
⁷⁴ RECCORD – Rethinking Cultural Centers in a European Dimension (2015-2017). Bls. 30.



Síldarminjasafn Íslands á Siglufirði.

Niðurstaða fræðilegrar samantektar

Samantektin byggir á víðtækri gagnaöflun um menningarhús og menningarmiðstöðvar á Norðurlöndum með það að markmiði að undirbyggja stefnumótun og skýra hlutverk menningarstofnana í landsbyggðunum. Kortlögð voru helstu hugtök, rekstrarform og stuðningskerfi, dregin fram dæmi um ólíkar leiðir í rekstri og stjórnun og rýnt í hvernig slík rými þjóna samfélögum með fjölbreyttri dagskrá, fræðslu, þátttöku almennings og tengingu við staðbundinn menningararf. Niðurstöðurnar sýna að menningarmiðstöðvar einkennast af þremur grunnþáttum: fjölnota rými, fjölbreyttir viðburðir sem sameina fag- og áhugalistahópa, og virk tengsl við nærsamfélagið.

„Menningarmiðstöð er óhagnaðardrifið, frátekið rými til að rækta menningarstarfsemi og sinna viðburðahaldi. Menningarmiðstöð býður upp á opna fjölbreytta dagskrá með áherslu á listviðburði, fræðslu og menningarhefðir sem nær til ólíkra hópa. Menningarmiðstöð hefur upp á bjóða aðstöðu og tækjabúnað til að miðla, upplifa, æfa og ástunda fjölbreyttar listgreinar. Menningarmiðstöð sinnir þörfum nærsamfélagsins til listþátttöku bæði að eigin frumkvæði, með því að hýsa verkefni frá öðrum og veita fag- og áhugahópum aðgengi að rými og aðstöðu.“

Opinber lagarammi um slíkar stofnanir er almennt ekki fyrir hendi á Norðurlöndunum, þó lista- og menningarráð veiti styrki og móti forsendur starfseminnar. Í fræðunum er lögð áhersla á að starfsemin en ekki húsnæðið eitt og sér skilgreini menningarhús, og að sérhæfðar einingar með afmörkuð listviðfangsefni (svo sem leikhús eða tónlistarhús) falli utan hefðbundinnar miðstöðvarhugmyndar. Íslenskt samhengi einkennist af sterkri sögu félagsheimila sem risu með opinberum stuðningi um miðja síðustu öld og markvissri uppbyggingu menningarhúsa í landsbyggðunum eftir aldamót. Þessi rými eru ólík fyrirbæri: félagsheimili sinna fyrst og fremst félagslegum þörfum samfélaga en menningarhús veita faglega aðstöðu fyrir listflutning og menningarstarf. Hlutverk einkaframtaks og grasrótar er þó einnig mikilvægt þar sem notendastýring og samfélagsleg miðlun efla virkni og valdeflingu íbúa. Flokkunarkerfi þar sem litið er til eignarhalds, rekstraraðila, starfsemi og stýringar reynast gagnleg sem greiningartól til að skýra fjölbreytileika, stilla væntingar og tengja rekstrarform við markmið. Þau sýna að opinbert eignarhald og stofnanastýring eru algeng á Íslandi, en einnar manneskju miðstöðvar og blandaðar lausnir eru einnig áberandi. Aðlaga má flokkunarkerfi að íslenskum aðstæðum til

að gera heildarkortlagningu á allri menningar- og listastarfsemi en tilgangurinn er fyrst og fremst að nota flokkun og greiningu til að efla, styðja við og finna leiðir sem styrkja þá starfsemi sem fyrir er.

Til að styðja við framtíðarstefnumótun um menningarhús og menningarmiðstöðvar í landsbyggðunum þarf að **samræma hugtök, skerpa á hlutverkum ólíkra rýma og setja fram viðmið um gæði, aðgengi og þátttöku. Einnig þarf að tengja rekstrarlíkön við raunhæf fjárfestingar- og stuðningskerfi** sem bæði styrkja opinberar stofnanir og skapa svigrúm fyrir einkaframtak og grasrót.

Gagnleg skref að traustum grunni og framtíðarsýn fyrir menningarhús í landsbyggðunum þar sem stefnt er að raunhæfri sjálfbærni í rekstri eru:

- » Skýr samfélagslegur tilgangur
- » Faglega sterk listræn forysta
- » Notendamiðuð þjónusta
- » Viðurkenning á sérstöðu félagsheimila og skipulagður og markviss stuðningur við nýtingu þeirra
- » Viðurkennt að menningarstarfsemi er í langflestum tilfellum óhagnaðardrifið og ósamkeppnishæf.
- » Viðurkennt mikilvægi þess að styrkja og styðja við menningarstarf, ekki síst einkaframtakið sem er mjög öflugt í íslenska menningarlandslaginu.

Áhersla þarf að vera á listrænar og samfélagslegar forsendur um leið og stuðlað er að valddreifingu í rekstrarumhverfi menningarmiðstöðva og menningarhúsa. Viðurkenna opinskátt og heiðarlega að eðli reksturs í menningar- og listarstarfsemi lýtur ekki hefðbundum markaðslögmálum hvað varðar fjárhagslegan hagnað. **Hagnaðinn þarf að mæla á fleiri vegu; sem samfélagslegan og menningarlegan hagnað.** Menningarstarfsemi stuðlar að gagnrýnni hugsun, þekkingarskiptum og þekkingarsköpun, og hefur einnig áhrif á aðra efnahagslega starfsemi. Sé þetta haft í huga er hægt að skapa vettvang þar sem möguleikar samvinnu, samstarfs og samlegðar verða sýnilegir.

Í næsta kafla er farið yfir niðurstöður úr gagnasöfnun sem fór fram í öllum landslutum þar sem reynt var að kortleggja þau menningarhús sem til staðar eru og viðhorf til þeirra.

MENNINGARHÚS Í LANDSBYGGÐUNUM

Í þessum kafla er farið yfir þau gögn sem safnað var í landshlutunum. Annars vegar viðhorfskönnun þar sem spurt var um skilgreiningar, tækifæri og framtíðarsýn (sjá viðauka III fyrir spurningar) og hins vegar yfirlit yfir öll hús í hverjum landshluta þar sem menningar- og listastarfsemi fer fram (sjá viðauka II fyrir yfirlit um þær upplýsingar sem óskað var eftir).

Viðhorf

Í gagnasöfnunarferlinu var óskað eftir svörum frá starfsmönnum sem fara með menningarmál fyrir hönd sveitarfélaganna, landshlutasamtakanna og frá rekstrar- aðilum húsa þar sem menningar- og listastarfsemi fer fram. Í hverjum landshluta var það mat menningarfulltrúa í samstarfshópnum hvernig staðið var að gagnasöfnuninni. Spurningarnar voru sjö (viðauki III) og svöruðu 49 aðilar. Svörin eru innihalds- og þemagreind svo þau nýtist í drög að stefnu og skilgreiningum um menningarhús í landsbyggðunum.

Fimm spurningar vörðuðu stefnumótunavinnuna. Þeim var ætlað að ná fram hugmyndum um tækifæri, möguleika og framtíðarsýn menningarhúsa, viðhorf og mat á núverandi stöðu, auk skilgreininga á hugtökum varðandi menningarhús.

Hvernig skilgreinir þú hugtökin *menningarhús*, *menningarmiðstöð*, *menningarstofa*, *menningarstofnun*? Er þetta allt sama fyrirbærið eða er stigs- og/eða eðlismunur á þessum hugtökum?

Svarendur voru sammála um að nauðsynlegt sé að skilgreina þessi hugtök betur því ekki sé alltaf sameiginlegur skilningur á þeim og gott að hafa skýran ramma þar sem skilgreiningin gefur til kynna hvert umfang og eðli starfseminnar er. Þessi hugtök eru skyld en ekki samheiti, á þeim er bæði stigsmunur (umfang og rekstrarfyrirkomulag) og eðlismunur (hlutverk og starfsemi). Menningarstofnun er formlegasta hugtakið og tengist oftast varanlegum stofnunum með lagatengda starfsemi. Að auki eru starfræktar menningarstofur sem oft eru tengdar opinberri starfsemi og menningarsetur sem oft eru tengd fræðilegri starfsemi. Menningarhús

og menningarmiðstöð eru líkust og stundum notuð jöfnum höndum, þó að flestir telji menningarmiðstöð víðtækari og nefna að hún þjóni stærra svæði, fleiri hópum eða hafi fjölbreyttari starfsemi.

Skilgreiningar svarenda drógu fram nokkuð skýrt mynstur sem gefur til kynna að skilningur sé um margt líkur en að ekki hafi verið formfest hvernig þau skuli notuð. Hér eru samandregin meginatriðin:



Listasafnið á Akureyri (Markaðsstofa Norðurlands).

Menningarmiðstöð

- » Starfsstöð sem hýsir menningarstarfsemi og oft einnig skrifstofur, vinnustofur listamanna, og fræðslustarf.
- » Hlutverk hennar getur verið að sameina og styðja menningarlíf svæðisins.
- » Getur verið opinber stofnun eða sjálfstæð rekstrareining.
- » Dæmi: Skaftfell á Seyðisfirði.

Menningarhús

- » Húsnæði þar sem fer fram menningarstarfsemi, t.d. sýningar, viðburðir, tónleikar eða leiksýningar.
- » Oft opið almenningi og býður upp á rými fyrir skapandi starf.
- » Stundum rekið af sveitarfélögum eða með opinberum stuðningi.
- » Dæmi: Hof á Akureyri.

Menningarstofa

- » Stjórnvæðing sem vinnur að stefnumótun og stuðningi við menningarlíf í sveitarfélagi eða landsvæði.
- » Skrifstofa sem sinnir ráðgjöf, miðlun og kynningu á menningu frekar en viðburðahald.
- » Dæmi: Menningarstofa Fjarðabyggðar.

Menningarsetur

- » Sinnir sérhæfðu hlutverki sem snýr oft að miðlun menningararfs og/eða fræðimennsku tengd skapandi greinum, gjarnan tengd sveitarfélagi eða landsvæði.
- » Dæmi: Spákonuhof á Skagaströnd.

Menningarstofnun

- » Opinber eða formleg stofnun með skýrt afmarkað hlutverk í varðveislu, rannsóknnum eða miðlun menningararfs.
- » Skilgreiningin felur oftast í sér fastan rekstur með reglulegri starfsemi.
- » Dæmi: Þjóðminjasafnið, Listasafn Íslands, Kvikmyndamiðstöð Íslands.

„Hús og stofa eru minni einingar en miðstöð og stofnun. Miðstöð og stofnun geta innihaldið eða verið utanumhald um viðameiri starfsemi en fer fram í húsi eða stofu.“

Hvaða hlutverki gegna menningarmiðstöðvar?

Hvaða hlutverki ættu þær að gegna?

Kjarninn í svörum var að menningarmiðstöðvar gegna fjölbættu hlutverki – þær eru vettvangur fyrir skapandi starf, miðlun lista og menningar, fræðslu og samfélagslega þátttöku. Svarendur leggja áherslu á að þær séu mikilvægar fyrir samfélagsstengsl, eflingu svæðisbundinnar menningar og hvatning til nýsköpunar. Svör benda til þess að þær gætu verið virkari í að styðja frumkvæði íbúa, efla nýsköpun og tryggja aðgengi allra að menningu. Niðurstaðan er að menningarmiðstöðvar ættu að vera faglegar og vel fjármagnaðar stofnanir sem hafa skýrt hlutverk í menningarstefnu hvers svæðis. Þær ættu að þjóna sem félagslegir kjarna- staðir og vettvangur fyrir skapandi atvinnugreinar en tryggja þarf fjármögnun og stefnumörkun sem sameinar menningu, listir og samfélagslega þjónustu.

Hlutverk menningarmiðstöðva eins og þær eru í dag:

- » Þær efla **menningarstarfsemi** á svæðinu og styðja við listsköpun, fræðslu og viðburðahald.
- » Þær veita **aðstöðu fyrir skapandi starf** og geta hýst námskeið, sýningar, tónleika, leiksýningar og aðra menningartengda viðburði.
- » Þær eru oft **samkomustaður fyrir samfélagið**, þar sem íbúar koma saman, sækja viðburði eða taka þátt í listsköpun.
- » Þær veita **upplýsingar um menningu** og auglýsa menningarviðburði í nærsamfélaginu.
- » Sumar gegna einnig hlutverki við að **vernda og miðla menningararfi**, líkt og söfn og bókasöfn.

Hvaða hlutverki ættu menningarmiðstöðvar að gegna?

- » **Vettvangur fyrir nýsköpun í menningu** og styðja listamenn í að þróa ný verkefni.
- » Meiri áhersla á **þátttöku íbúa**, virkja almenning til að skapa menningu í stað þess að njóta hennar eingöngu.
- » Meiri áhersla á **samfélagslegan stuðning og lýðræði**, þ.e. skapa vettvang fyrir samræðu og samveru allra hópa.

„Þær miðla menningartengdu efni á sínu svæði, geyma menningartengt efni og eru tengiliðir við þá sem koma að menningartengdu starfi innan sveitarfélagsins. Þær ættu að vera í virku samtali sem skilar sér stöðugt inn í og eflir ólíka hópa samfélagsins.“

- » Tryggari fjármögnun svo þær geti **eflt menningarstarf á breiðari grundvelli** og gert menningu aðgengilegri fyrir alla.
- » Skýrari stefna um **sjálfbærni og samfélagslega þróun**, vera leiðandi í því að hvetja til skapandi og sjálfbærra samfélaga.
- » Móta stefnu um menningarmál á svæðinu.



Snorrastofa í Reykholti.

Hvaða möguleikar og tækifæri eru í rekstri og starfsemi þeirra?

Svarendur voru almennt sammála um að margvísleg tækifæri lægju í því að nýta menningarmiðstöðvar enn betur sem vettvang nýsköpunar og nefndu þar eflingu atvinnu í skapandi greinum. Til þess að hægt sé að efla miðstöðvarnar í því hlutverki þarf að styrkja innviði og auka samvinnu milli ríkis, sveitarfélaga og einkaaðila; og um leið að byggja brýr á milli listamanna, íbúa og ferðamanna. Nauðsynlegt er að kortleggja möguleika til fjármögnunar og nýsköpunar í samstarfi við atvinnulífið en ekki gleyma tækifærum nærsamfélagsins til að nýta miðstöðvarnar til að efla samfélagið í nágrenni þeirra; félagsstarf heldri borgara, fjölmenningsamfélags, barna og allra þar á milli.

Fjölbreytt hlutverk í samfélaginu

- » **Menningarmiðstöðvar geta verið miðpunktur samfélagsins**, skapað rými fyrir listsköpun, menningarstarf og samveru.
- » Þær geta **eflt samfélagsleg tengsl**, tengt saman ólíka hópa og stuðlað að inngildingu.
- » Þær geta verið **fræðslu- og upplýsingamiðstöðvar**, sem miðla staðbundinni menningu og sögulegu samhengi.

Sköpun og nýsköpun

- » Þær geta verið **vettvangur fyrir listamenn** og hönnuði til að þróa og kynna verk sín.
- » Tækifæri eru til að **nýta menningu og listir til nýsköpunar**, þróa samstarf við aðra geira, t.d. ferðaþjónustu og skapandi greinar.
- » **Þær geta verið hreyfiafl fyrir listamenn** og sprotafyrirtæki í skapandi greinum.

Efnahagsleg tækifæri og sjálfbærni

- » Þær geta **dregið að ferðamenn**, verið aðdráttarafli með fjölbreyttum viðburðum og staðbundinni menningarstarfsemi.
- » Þróa má **fjárhagslega sjálfbærari rekstur**, t.d. með sölu á listmunum, vinnustofuleigu, námskeiðahaldi eða samstarfi við einkaaðila.
- » **Samlegðaráhrif** geta skapast með samnýtingu rýma og samstarfi við stofnanir eins og bókasöfn, skóla og fyrirtæki.

Burstarfell, Vopnafirði.



Aukið samstarf og alþjóðleg tenging

- » Samstarf milli landshluta og sveitarfélaga getur eflt menningarlíf og styrkt innviði.
- » Þær geta **tengt menningu við alþjóðleg verkefni**, t.d. norræn og evrópsk samstarfsverkefni með styrkjum og fjármögnun.
- » Þær geta boðið **listamönnum í alþjóðlegt gestavinnustofustarf**, sem getur skapað ný tækifæri fyrir staðbundna listamenn.

Rekstrarmöguleikar og sjálfbærni

- » Rekstur menningarmiðstöðva krefst góðrar fjármögnunar en þær geta einnig byggt á **blöndu af opinberum styrkjum og eigin tekjum**.
- » Tækifæri felast í að **sveitarfélög fjárfesti meira í menningu**, því rannsóknir sýna að menningarsjóðir geta haft margföldunaráhrif, hagræn, félagsleg og menningarleg, út samfélagið.
- » Tryggja þarf að til staðar sé fastráðið starfsfólk sem hefur það hlutverk að styðja við og efla menningarstarfsemi.
- » Skilvirkni í rekstri getur aukist með úthlutun rýma fyrir listafólk, námskeiðahald og viðburði.

„Þær geta tengst inn í menningarsenu á landsvísu og verið í virku samtali við menningarmiðstöðvar á alþjóðavísu og rannsóknarsetur og háskóla. Tækifæri liggja einnig í nærsamfélaginu, að skapa ríkulegt samtal inn í alla hópa samfélagsins. Að hafa sameiginlegt rými til sköpunar og vaxtar er mikilvægur partur af samfélaginu í heild sinni.“

„Listin ein er markmið í sjálfu sér. Hún hefur sjálfstætt menningarlegt og samfélagslegt hlutverk og ætti ekki að vera bundin við fyrirfram gefin samfélagsleg eða pólitísk markmið sama hve verðug, [...] Ég sé ekki fyrir mér að margar menningarmiðstöðvar geti verið sjálfbærar ef það er átt við fjárhagslega sjálfbærni. Þess vegna er það kannski hlutverk þeirra sem reka miðstöðvarnar og okkar sem viljum að þær séu til að vera dugleg að benda á þennan samfélagslega þátt því það held ég að séu stærstu rökin fyrir tilurð margra af þessum miðstöðvum.“

Hver er framtíðarsýn menningarmiðstöðva?

Stefnumótun; græn, sjálfbær – hvernig á hún að vera?

Hugmyndir og mat svarenda birtast í áherslu á að starfsemin sé í þágu listarinnar, menningararfsins og að samfélagið eigi hlutdeild í starfseminni. Framtíðarsýn menningarmiðstöðva snýst um að vera samfélagsmiðstöðvar sem efla skapandi hugsun, stuðla að sjálfbærni og tryggja aðgengi allra að menningu. Þær þurfa að jafnaði fjárhagslegan stuðning en geta með nýsköpun, samstarfi og framsækni orðið sterkir drifkraftar í samfélagsþróun.

Menningarmiðstöðvar í þágu samfélagsins

- » Þær eiga að vinna í þágu listarinnar með áherslu á gæði, framsækni og tilraunastarfsemi.
- » Þær eiga að laða fram skapandi krafta í samfélaginu og skapa rými fyrir nýjar hugmyndir.
- » Að efla menningarlega sjálfbærni svo hvert svæði hafi nægilega sterkt menningarlíf.

Fjárhagsleg sjálfbærni og rekstur

- » Fæstar menningarmiðstöðvar geta **verið fjárhagslega sjálfbærar** án stuðnings frá ríki eða sveitarfélögum.
- » **Skapa þarf fjölbreyttar tekjulindir**, t.d. með samstarfi við fyrirtæki, nýtingu styrkja og þjónustu.
- » Samfélagslegur ábati þeirra er mikilvægari en fjárhagslegur hagnaður.

Sjálfbærni og græn stefna

- » Þær ættu að vera **leiðandi í sjálfbærni og umhverfismálum**, bæði í rekstri og viðburðum.
- » Þær geta **kannað möguleika í deiliahagkerfinu**, líkt og bókasöfn hafa gert.
- » Nýta vistvænar lausnir, draga úr kolefnisspori og stuðla að umhverfisvitund í samfélaginu.

Nýsköpun og samfélagsleg þróun

- » Menningarmiðstöðvar verða að vera framsæknar og þora að ögra viðteknum hugmyndum.
- » Þær geta tengt saman nútíma- og hefðbundna menningu og skapað vettvang fyrir nýja nálgun.
- » Þær geta orðið miðstöðvar fyrir skapandi atvinnugreinar með samstarfi milli lista, vísinda og nýsköpunar.

Aðgengi og þátttaka allra

- » Þær þurfa að **tryggja aðgengi allra hópa**, óháð efnahag, aldri eða líkamlegri getu.
- » Þær ættu að leggja áherslu á **inngildandi menningarstarf** þar sem allir geta tekið þátt.
- » Þær geta verið **staður fólksins í sveitarfélaginu**, þar sem samfélagið tekur þátt í menningarstarfi.

Kannað var hvort önnur hús eða starfsemi sem tengjast menningu væru til staðar. Ætti að skilgreina þessi hús og staði í ákveðna flokka?

Fjölmörg hús og rými tengjast menningu en gegna ólíkum hlutverkum. Sumir telja gagnlegt að flokka þau sérstaklega til að tryggja skýra stefnu, rekstrarfyrirkomulag og styrkjamöguleika. Einnig mætti flokka þau eftir hlutverki, á meðan aðrir vilja viðhalda sveigjanleika og leyfa þeim að þróast náttúrulega eftir þörfum samfélagsins. Menningarhús í minni samfélögum hafa oft marga hatta, svo skilgreiningar þurfa að vera víðar með áherslu á sjálfstæði og frumkvæði á svæðisbundnum grunni. Félagshéimili virðast almennt þjóna hlutverki menningarhúsa í minni samfélögum og einnig eru mörg kaffihús eða einkarekin rými mikilvæg fyrir menningarlíf. Menning á sér stað víða og flokkun þarf að taka mið af því.



Eiríksstaðir í Haukadal.

Fjölbreytt hús og starfsemi sem tengjast menningu

- » **Félagsheimili og samkomuhús**
– Hús sem hýsa menningarviðburði, oft með fjölbreyttu hlutverki.
- » **Bókasöfn og upplýsingamiðstöðvar**
– Veita fræðslu, aðgang að menningararfi og eru oft menningartengd rými.
- » **Leikhús og tónleikastaðir**
– Má flokka sem menningarhús eða menningarstofnanir.
- » **Kirkjur og safnaðarheimili**
– Trúarlegar stofnanir en eru líka notaðar fyrir tónleika og viðburði.
- » **Listasöfn og gallerí**
– Hýsa sýningar og skapandi starfsemi.
- » **Menningarsetur, sögu- eða fræðsluhús**
– Staðir eins og Söguhús eða Spákonuhof, sem miðla menningararfi.
- » **Einkarekin menningarrými**
– Kaffihús, veitingastaðir eða önnur rými sem standa fyrir menningartengdum viðburðum.

Tvær spurningar voru til að meta svæðisbundin viðhorf, þekkingu, skilning og innsýn á eigið svæði hvað varðar menningarmiðstöðvar og menningarstefnur.

Annars vegar:

Er skilgreind menningarmiðstöð eða menningarstofnun á þínu svæði?

Langflestir töldu að skilgreind menningarmiðstöð væri starfandi á þeirra svæði. Fjölmargir álitu félagsheimili og bókasöfn á sínum svæðum vera menningar- miðstöðvar þó þau séu ekki alltaf skilgreind sem slíkar. Einnig að innan einstakra menningarmiðstöðva væru starfræktar minni einingar sem væru hluti af menningarmiðstöðinni, jafnvel dreift á nokkra staði. Aðgengi að menningarmiðstöð er mjög mismunandi eftir svæðum. Minni sveitarfélög treysta oft á fjölnota húsnæði eða aðstöðu í nágrennasveitarfélögum og ekki sé neinn formleg menningarmiðstöð eða stofnun, á ýmislegt menningarstarf sér stað.

„Bókasöfn og kirkjur eru menningarhús minni sveitarfélaga ásamt félagsheimilum, íþróttasölum, skólasölum og hótélum. En síðarnefndu staðirnir eru almennt ekki skilgreindir sem slíkir og ekki reknir með það í huga.“

Hins vegar:

Er til menningarstefna fyrir landshlutann í heild? En stök sveitarfélög?

Svarendur benda á að víða skorti heildstæða menningarstefnu en sóknaráætlanir innihalda oft menningartengda stefnumótun. Sum sveitarfélög hafa mótað eigin menningarstefnu, en víða er stefnumótun annaðhvort í vinnslu eða ómótuð. Tilgangur þess að hafa skilgreinda, opinbera stefnu er helst að tryggja jafnræði í aðgengi, fjölbreytni, þróun, og sjálfbæran rekstur. Nauðsynlegt er að menningarstefnur séu unnar í samvinnu sveitarfélaganna og menningargeirans. Fjármögnun og mannauður eru áskoranir þegar kemur að því að viðhalda og innleiða menningarstefnur í sveitarfélögum og landshlutum.

Niðurstöður viðhorfskönnunar

Samantekt svaranna (49 aðilar) sýnir að þörf er á skýrari og samræmdari skilgreiningum á hugtökunum menningarhús, menningarmiðstöð, menningarstofa, menningarsetur og menningarstofnun. Hugtökin eru skyld en ekki samheiti og fela í sér bæði stigs- og eðlismun: hús og stofur vísa frekar til rýmis eða stjórnýslu, en á miðstöðvar og stofnanir til viðameiri og faglegri starfsemi. Í svörunum kemur einnig fram sameiginleg sýn á hlutverk menningarmiðstöðva í dag: þær eru vettvangur fyrir listir, menningarviðburði, fræðslu og samfélagsþátttöku og þjóna sem samkomustaðir með aðstöðu og dagskrá fyrir ólíka hópa. Framtíðarsýnin er skýrara hlutverk þeirra í nýsköpun, samsköpun og inngildingunni, með fyrirsjáanlegri fjármögnun, fagmennsku og skýrari stöðu í stefnumótun hvers svæðis.

Svörin benda á ýmsa möguleika í rekstri og samstarfi. Þar er nefnd samlegð milli menningar, fræðslu, ferðapjónustu og skapandi greina, auk þess sem mikilvægt er að styrkja innviði og auka tengsl milli listafólks, íbúa og gesta. Menningarmiðstöðvar geta einnig sótt í alþjóðlegt samstarf, boðið gestavinnustofur og aukið rekstrarhæfni með rýmissamnýtingu, verkefnastýringu og fastráðnu starfsfólki.

Framtíðarsýn svarenda er að menningarmiðstöðvar verði framsæknar, með sjálfbærni og aðgengi að leiðarljósi. Þær eiga að nýta vistvænar lausnir í rekstri, tryggja aðgengi óháð efnahag eða aldri og leggja áherslu á gæði og nýsköpun í listrænu starfi. Á sama tíma er viðurkennt að fjárhagsleg sjálfbærni án opinbers stuðnings er illmöguleg og að samfélagslegur og menningarlegur ábati vegi þyngra en hagnaður. Í minni samfélögum gegna fjölnota rými – félagsheimili, bókasöfn, kirkjur, skóla- og íþróttasalir, gallerí og jafnvel kaffihús – oft svipuðu hlutverki og menningarhús, þótt þau séu ekki formlega skilgreind sem slík.

Flestir telja að menningarmiðstöð starfi á þeirra svæði, en aðgengi er mismunandi og smærri sveitarfélög reiða sig oftar á fjölnota húsnæði eða nágrennasveitarfélög. Heildstæð menningarstefna er ekki víða til staðar, þó sóknaráætlanir og einstakir aðilar hafi mótað eigin stefnu. Innleiðing er oft torveld vegna takmarkaðs fjármagns og mannauðs.

Heildarniðurstaðan er að menningarlandslagið er fjölbreytt og aðstaða tiltæk víða, fagleg umgjörð og vilji til samstarfs eru til staðar, en samræmd skilgreining, stöðug fjármögnun og skýrari hlutverkaskipan eru lykilatriði til að styrkja þróun menningarhúsa og menningarmiðstöðva í landsbyggðunum.

Yfirlit

Í landshlutunum sjö tók samstarfshópurinn að sér gagnasöfnun, sendi yfirlitið og spurningalistann til starfsfólks sveitarfélaga, rekstraraðila í menningu og annarra sem við átti. Eins og fram kemur í inngangi (tafla 1) eru svæðin misstór með misjafnlega mörg sveitarfélög og því eðlilega talsverður munur á fjölda færslna í yfirliti hvers landshluta. Til að ná utan um hvaða hús og staðir í hverjum landshluta gegna hlutverki sem menningarhús, var beðið um að skrá alla staði þar sem menningarstarfsemi færi fram. Í listanum eru því allt frá skilgreindum menningarmiðstöðvum sveitarfélaga og svæða, bókasöfn, söfn, einkarekin rými og starfsemi, til staða þar sem menning er ekki aðalstarfsemi en aðstaða til lista- eða menningarstarfsemi. Sótt var yfirlit yfir öll viðurkennd söfn, söfn sem skráð eru í Sarp, menningarstofnanir



Alþjóðlega píanóhátíðin á Vestfjörðum.

sem taldar eru upp á vef menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytis, stofnanir með samning og framlög frá ráðuneytinu (tafla 8), gestastofur þjóðgarða og jarðvanga (tafla 9). Einnig var óskað eftir lista frá *Fyrirtækjaskrá* yfir félagsheimili en þau eru skráð í ISAT-flokkinn 90040 *Rekstur húsnæðis og annarrar aðstöðu fyrir menningarstarfsemi* og taldi sá listi 132 skráningar. Á listanum eru ekki eingöngu hefðbundin félagsheimili heldur einnig samkomusalir. Á höfuðborgarsvæðinu eru 58 skráningar og 74 tilheyra landsbyggðunum, skipting milli landshluta er í *töflu 7*.

Tafla 7. Fjöldi skráðra staða/húsa þar sem lista- og menningarstarfsemi fer fram.

Landshluti	Menningarhús skráð í gagnasafn ⁷⁵	Viðurkennd söfn ⁷⁶	Bókasöfn ⁷⁷	Skjalasöfn ⁷⁸	Félagsheimil ⁷⁹
Norðurland eystra	125	9	27	4	10
Suðurland	71	6	31	4	14
Vesturland	68	5	28	3	8
Austurland	59	4	17	2	8
Vestfirðir	34	3	9	1	8
Norðurland vestra	31	3	10	3	24
Suðurnes	13	3	14		2

⁷⁵ Skráningar úr landshlutunum.

⁷⁶ Listi yfir viðurkennd söfn.

⁷⁷ Bókasöfn

⁷⁸ Héraðsskjalasöfn.

⁷⁹ Fyrirtækjaskrá CreditInfo, útkeyrsla afgreidd 25. september 2025.

Landshluti	Nafn	Fagráð/ stjórn	Samningur, samþykktir eða skipu- lagsskrá	Er starfs- maður/ starfsmenn
Austurland	Sköpunarmiðstöðin	Já	Já	Já
Norðurland eystra	Verksmiðjan Hjalteyri	Já	Já	Já
Norðurland eystra	Þjóðlagasetur	Já	Já	Já
Norðurland eystra	Óskarsstöð	Já	Já	Já
Norðurland eystra	Herhúsið Siglufirði	Já	Já	Já
Norðurland eystra	Rösk - Listagil	Já	Já	Nei
Norðurland eystra	Mjólkurbúðin - Listagil	Já	Já	Nei
Norðurland eystra	Kaktus - Listagil	Já	Já	Nei
Norðurland eystra	Gamli barnaskólinn - Hrísey	Já	Já	Nei
Norðurland eystra	Deiglan - Listagil	Já	Já	Nei
Norðurland eystra	Freyvangur	Já	Já	Nei
Norðurland vestra	Gúttó	Já	Já	Nei
Vestfirðir	Netagerðin - skapandi vinnustofur	Já	Já	Já
Vestfirðir	Kómedíuleikhúsið	Já	Já	Já

Tafla 10. Einkarekin lista- og menningarstarfsemi með fagráð, skipulagsskrá og starfsmann.

Mikilvægt er að minnast á grasrótastarf, þar sem **einkarekin lista- og menningarstarfsemi** fer fram. Í mörgum tilvikum er um að ræða metnaðarfulla starfsemi þar sem listrænar og faglegar forsendur eru tryggðar með fagráðum og/eða stjórn, skipulagsskrá eða samning um starfsemina og jafnvel starfsmaður til staðar. Á þessum vettvangi verður til rými fyrir atvinnufólk í listum og menningu til að sinna sínu starfi á forsendum listarinnar. Þar verður oft ákveðin nýsköpun og frumsköpun sem er mikilvægt að styðja við á skipulagðan hátt en viðfangsefni þessa verkefnis er ekki að leggja til ramma þar um, eða aðgerðir. Hins vegar er oft samspil þessara aðila við menningarmiðstöðvarnar og mikilvægt að miðstöðvarnar séu í virku samtali við grasrótina hver á sínu svæði.

Einnig má líta til þess hvernig hægt er að styðja við slíka starfsemi gegnum sóknaráætlanir landshlutanna. Allir landshlutar skráðu menningarhús eða starfsemi í einkarekstri nema Suðurnes og ein skráning var frá Suðurlandi. Langflestar einkareknu einingarnar eru á Norðurlandi eystra, þar á eftir á Vesturlandi. Ef einkareksturinn var greindur niður eftir faglegri umgjörð starfseminnar; stjórn eða fagráði, skipulagsská eða samningi og hvort til staðar væri starfsmaður, stóðu eftir 7 einingar þar sem allt þrennt er til staðar og 14 þar sem tvennt er til staðar.

Niðurstaða gagnagreiningar

Samantekt og greining á þeim gögnum sem safnað var sýnir í fyrsta lagi að staðir og aðstaða til lista- og menningarstarfsemi í landsbyggðunum er mjög fjölbreytt.⁸⁶ Í öðru lagi að fagleg umgjörð er til staðar sem sýnir metnað og tækifæri og hægt er að byggja á henni samræmdan opinberan ramma sem styður við þessa starfsemi. Í landshlutunum eru ákveðnar lykileiningar, flestar í eigu sveitarfélaganna og oft reknar af þeim, en stundum er samið um reksturinn við einkaaðila. Í þessum einingum eru oft samlegðartækifæri þar sem hægt er að nýta sameiginlega húsnæði eða starfsfólk. Hins vegar þarf ætíð að gæta þess að hagræðing og skilvirkni bitni ekki á listrænum og faglegum forsendum.



Kortlagningin sem byggir á gagnasafninu úr landshlutunum styður við greiningu og samantekt úr faglegum og fræðilegum bakgrunni sem lýst er í kaflanum hér á undan. Þar segir að menningarmiðstöðvar einkennist af þremur grunnþáttum: fjölnota rými, fjölbreyttum viðburðum sem sameina fag- og áhugalistahópa og virkum tengslum við nærsamfélagið. Ef notuð er aðlöguð flokkun og litið til þess hve takmarkaður opinber rammi eða skilgreiningar eru til, sem og til sérstöðu félagsheimilanna, er hægt að skilgreina betur hlutverk menningarmiðstöðva eins og það gæti litið út í opinberri stefnumótun. Eitt lykiltríði skilgreiningar á menningarmiðstöð er að þar er fagleg umgjörð til staðar. Aðbúnaður og aðstaða þarf einnig að vera nútímaleg og samræmast kröfum viðkomandi listgreina til að geta laðað að hæft, fagmenntað starfsfólk og tekið á móti viðburðum frá menningarstofnum á landsvísu sem eiga að sinna landsbyggðunum.

Í næsta kafla eru heildarniðurstöður teknar saman þar sem fræðilegur bakgrunnur, gagnasöfnun og viðhorfskönnun eru sett í samhengi við markmið verkefnisins og þar á eftir settar fram tillögur að næstu skrefum.

⁸⁶ Í gagnaskránni sem fylgir skýrslunni er t.d. hægt að sjá hvar eru svið, ljósabúnaður, hve marga gesti húsið rúmar o.s.frv.

NIÐURSTAÐA OG UMRÆÐA

Markmið þessarar aðgerðar *B9 í byggðaáætlun* er að efla starfsemi menningarstofnana í landsbyggðunum. Framkvæmdin fól í sér:

„...vinna **stefnumótun og skilgreiningu á hlutverkum menningarmiðstöðva og sambærilegra stofnana á landsvísu líkt og gert er í nágrannalöndunum.** [...] Sérstaklega verði litið til samþættingar við sóknaráætlun viðkomandi landshluta.“

Greiningin sýnir að menningarhús í landsbyggðunum eru fjölbreytt að eðli og hlutverki, en þau eiga sameiginlegt að vera kjarnastaðir menningar, lista og samfélagsþátttöku. Þau bjóða vettvang fyrir skapandi starf, viðburði og miðlun menningararfs og hafa áhrif á menningarlega sjálfsmynd og tengsl á svæðunum. Á sama tíma geta þau haft sýnileg áhrif á atvinnuþróun með tengingum við ferðaþjónustu, skapandi greinar og aðrar atvinnugreinar. Starfsemi menningarhúsa í landsbyggðunum byggist víða á eldmóði einstaklinga og grasrótar, en einnig rekstri

með stuðningi sveitarfélaga og ríkis. Ákveðnar hindranir eru til staðar sem oftast snúa að fjármögnun, aðallega vegna lítills fyrirsjáanleika sem flækir áætlanagerð, en einnig má nefna tímabundna styrki, veika lagaleg umgjörð og skort á fastráðnu fagfólki sem er afleiðing þess þegar fjármögnun er ekki tryggð.

Fjölbreytni í stærð og skipulagi húsanna speglar ólíkar aðstæður samfélaga en verður jafnframt til þess að aðgengi og tækifæri eru ójöfn milli svæða. Á sumum svæðum eru skilgreindar menningarmiðstöðvar sem sameina sýningar- og viðburðarými, viðurkennd söfn og jafnvel bókasöfn undir einni faglegri umgjörð eða eru sérhæfðar einingar um ákveðna listgrein. Annars staðar sinna fjölnotahús, svo sem félagsheimili, bókasöfn, kirkjur og skóláhúsnæði, hlutverki menningarhúss án formlegrar skilgreiningar eða faglegra forsendna hvað varðar listræna starfsemi.

Um allt land eru félagsheimili, misjafnlega vel nýtt, sem skapar ákveðin sóknarfæri. Sum félagsheimili eru menningarhús og þjóna áfram og fjölnota hús með starfsemi eins og lýst er í félagsheimilalögum. Í öðrum er faglega skilgreint starf sem gerir þau líkari menningarsetri eða menningarmiðstöð. Á sama tíma starfa þau einnig sem hefðbundin félagsheimili.

Sú vinna sem farið var í um aldamótin til að aðgreina menningarhús frá félagsheimilum og byggja upp faglega, nútímalega starfsemi og aðstöðu í öllum landslutum, hefur skilað árangri. Hana þarf að þróa áfram og móta sterkari umgjörð sem styður við frekari framþróun og faglegt starf. **Samræmd hugtakanotkun og skilgreining hlutverka fyrir mismunandi tegundir menningarhúsa og starfsemi þeirra er skref í átt að formlegu stuðningskerfi sem mætir ólíkum þörfum.** Samanburður við Norðurlönd bendir til að heildstæður, formlegur opinber rammi um menningarhús sé ekki til staðar. Hins vegar eru ýmis konar stuðningskerfi og útfærslur til en stöðugleiki í rekstri og starfsemi virðist best tryggður með samningsbundnum lausnum milli ríkis og sveitarfélaga. Dæmi frá austur-evrópsku löndunum sýna að lagasetning getur skýrt hlutverk og fjármögnun, en slík miðstýring hentar ef til vill síður íslensku samhengi ef hún þrengir listrænt svigrúm. Reynslan hérlendis

bendir til þess að þegar traustur rekstrargrunnur með fyrirsjáanlegum, blönduðum fjármögnunarlíkönum og sjálfstæði í faglegu starfi eru til staðar, eflist þátttaka, fjölbreytni viðburða eykst og tengsl við samfélagið styrkjast.

Rekstrargrunnurinn þarf að taka mið af stöðu hvers svæðis og þeirri umgjörð sem þar gildir. Því er einhvers konar samningur eða rammi, sem hefur ákveðinn sameignlegan kjarna en er útfærður og aðlagður á hverju svæði, möguleg leið til að styðja við uppbyggingu, þróun og rekstur menningarmiðstöðva. Sóknaráætlanir landshlutanna hafa verið mikilvæg verkfæri til að efla landsbyggðirnar og í þeim er fyrirmynd sem líta má til. Áherslur eru valdar og forgangsroðun verkefna ákveðin í hverjum landshluta út frá svæðisbundnum þörfum. Önnur tækifæri liggja í að efla nýsköpun og inngildingu, styrkja tengslanet innanlands og utan, og nýta samlegð milli menningar, menntunar, ferðaþjónustu og annarra greina.

Þessi vinna er fyrsta skrefið í lengra ferli sem þarf að eiga sér framhald í virku samtali milli ríkis, sveitarfélaga, rekstraraðila menningarhúsa, fagaðila í menningu og samfélaganna sem þau þjóna.

Sameiginlegar skilgreiningar á hugtökum og hlutverkum

Skýr og sameiginleg skilgreining hugtaka er lykilatriði til að stuðla að samræmdri stefnumótun og sameiginlegum skilningi á hlutverki ólíkra rýma og stofnana í menningarlífi landsbyggðarinnar. Greining verkefnisins sýnir að þó hugtökin *menningarmiðstöð*, *menningarhús*, *menningarstofa*, *menningarsetur*, *menningarstofnun* og *félagsheimili* séu skyld, er bæði stigs- og eðlismunur á þeim sem lýtur að umfangi, rekstrarfyrirkomulagi og faglegu hlutverki. Munurinn liggur í því hvort hugtakið vísar til húsnæðis, miðstöðvar, skrifstofu eða stofnunar (sjá *töflu 12* og *viðauka IV* fyrir skilgreiningar orða). Stigsmunur er einnig á rekstri og hlutverki: frá opnum rýmum fyrir listsköpun til faglegra stofnana með lögbundin hlutverk.



Jólasveinarnir í Dimmuborgum.



Jólasveinarnir í Dimmuborgum.

Tafla 11. Tillögur að skilgreiningum við flokkun menningartengdra húsa út frá upplýsingum úr gagnasöfnum.

Skilgreining	Lýsing á innihaldi. Hús/starf þarf að uppfyllir meirihluta skilgreiningar	Dæmi
Menningarmiðstöð	Stefnumótandi þjónustueining sem hýsir menningarstarfsemi og sameinar oft vinnustofur, fræðslu og stjórnsýslu. Hlutverk hennar er vel skilgreint og felst m.a. í að styðja við menningarlíf á svæðisbundnum grunni með faglegri ráðgjöf og þróunarverkefnum. Getur verið opinber stofnun eða sjálfstæð rekstrareining jafnvel innan annarrar menningarstarfsemi en nýtur þó almennt opinbers stuðnings og stuðnings frá sveitarfélögum landshlutans. Menningarmiðstöð vinnur gjarnan að menningartengdum markmiðum sóknaráætlunar landshlutans. Hefur alltaf fagråd og/eða stjórn. Starfar alltaf eftir formlegri umgjörð eða skipulagsskrá. Hefur alltaf a.m.k. einn starfsmann sem sinnir faglegum rekstri.	Skaftfell á Seyðisfirði, Edinborgarhúsið Ísafirði, Menningarmiðstöð Hornafjarðar, Miðgarður Varmahlíð
Menningarhús	Húsnæði þar sem lista- og menningarstarf er meginviðfangsefnið og þar fer fram regluleg menningarstarfsemi, s.s. sýningar, tónleikar og viðburðir. Áhersla er á afurð skapandi starfs þó nýsköpun geti átt sér stað. Oft fjölnota húsnæði en menningarstarfsemi er meginþáttur í starfseminni. Er oft opið almenningi og veitir aðstöðu fyrir listsköpun og menningarupplifun. Getur verið rekið af sveitarfélögum, félagasamtökum, einkarekið, með blönduðu rekstrarfyrirkomulagi eða þegið opinberan stuðning. Stuðningur við menningarhús byggir gjarnan á hlutverki þeirra og formlegri umgjörð. Menningarhús geta haft formlega og faglega umgjörð í formi stjórnar, fagráða, skipulagsskrár eða samninga. Í menningarhúsum er oftast starfsmaður en ekki alltaf.	Hof, Sláturhúsið, Duus-hús, Stakar einingar innan menningarmiðstöðva s.s. Unuhús.
Menningarsetur	Rými sem sinnir sérhæfðu hlutverki við miðlun menningararfs og/eða fræðimennsku tengda skapandi greinum. Gjarnan tengt ákveðnu viðfangsefni, stað, svæði eða sveitarfélagi.	Skrímslasetur, Landnámssetur.
Menningarstofa	Stjórnsýslueining sem vinnur að stefnumótun og stuðningi við menningarlíf sveitarfélaga eða landshluta. Sér um miðlun og kynningu á menningu fremur en viðburðahald.	Menningarstofa Fjarðabyggðar
Menningarstofnun	Opinber eða formleg stofnun með lögbundið hlutverk í varðveislu, rannsóknnum eða miðlun menningararfs. Hefur yfirleitt fasta starfsemi og reglubundinn rekstur. Er á lista ráðuneytis menningarmála yfir menningarstofnun eða er með tilgreindan samning við ráðuneyti menningar eða fær föst framlög gegnum samning við ráðuneyti menningar.	Gunnarsstofnun, Þjóðleikhús, Gjúfrasteinn.
Félagsheimili	Fellur undir lög um félagsheimili. Þjónar sem vettvangur fyrir fundi, félagslíf og viðburði. Samkomuhús sem hefur verið hornsteinn félagsstarfsemi.	Skarðshlíð, Ýdalir.
Aðrir staðir	Viðurkennd söfn, bókasöfn, ýmsir staðir þar sem menning og listir eru megin- eða mikilvægur hluti af starfseminni.	Minjasafnið Skógum, Græni hatturinn, Tankurinn.

Úrvinnsla gagnasafnsins bendir til þess að eftirfarandi skilgreiningar ramma inn starfsemi, húsakost og hlutverk: **Menningarstofur** eru stjórnsýslueiningar sem sinna stefnumótun og kynningu, en **menningarsetur** og **félagsheimili** gegna afmörkuðu hlutverki á ákveðnum sviðum eða innan tiltekinna samfélaga. Sum félagsheimili hafa tekið sér blandað hlutverk og innan þeirra er jafnvel rekstur veitingastarfsemi eða mótuneytis. Í öðrum hefur hlutverkið afmarkast við ákveðna listgrein og er þá að vissu marki orðið að menningarhúsi s.s. Freyvangur. **Menningarhús og menningarmiðstöð** eru notuð jöfnum höndum, þó að sumir telji menningarmiðstöð víðtækari og að menningarmiðstöð hafi faglegra hlutverk sem felur í sér stefnumótun og þjónustu á svæðisbundnum grunni, á meðan menningarhús eru fyrst og fremst vettvangur fyrir viðburði og miðlun menningar. Fyrsta forsendan fyrir hvoru

tveggja er að til að teljast sem menningarhús eða menningarmiðstöð þurfa listir og menningarstarf að vera meginviðfangsefni í starfsemi hússins.

Niðurstaða þessa verkefnis er að hús sem hafa menningarstarf sem meginviðfangsefni geti verið opinber menningarhús að því gefnu að þau séu ekki félagsheimili, viðurkennt safn eða annað sem hefur aðra opinbera skilgreiningu. Opinber menningarmiðstöð er annars vegar faglegur samrekstur, samstarf og samvinna eininga sem heyrir undir sömu menningarmiðstöðina en menningarmiðstöð getur líka verið eitt hús sem þjónar fjölbreyttri lista- og menningarstarfsemi á svæðisvísu. Meginmunurinn á menningarhúsi og menningarmiðstöð liggur í faglegri umgjörð starfsins og umfangi.

Hlutverk menningarmiðstöðva og menningarhúsa eru ólík. Starfsmaður menningarhúss er fagaðili á sviði lista og menningar og starfar í umboði stjórnar eftir þeim ramma sem skipulagsskrá eða samningur um starfsemina kveður á um. Í stærri menningarmiðstöðvum eru fleiri stöðugildi eftir því sem eðli starfseminnar kallar á og leitast er við að í þeim sé starfandi fagfólk. Menningarmiðstöðvar starfa á svæðisvísu og eru oft samsett starfsemi fleiri eininga. Þar er stundum viðurkennt safn eða skjalasafn hluti miðstöðvarinnar, þeim tilheyrja stundum fleiri en eitt menningarhús sem hvert og eitt getur sérhæft sig í ákveðinni listgrein. Þær hafa skýran faglegan ramma, þeim er stýrt af stjórn sem getur skipað fagråd sem styður við stefnumótun starfseminnar. Þær hafa skipulagsskrá og/eða samning þar sem fram kemur hvert hlutverk þeirra er, ábyrgð og skyldur.

Þar sem menningarmiðstöð er hluti starfsemi sem nýtur opinbers stuðnings þarf að gæta þess að raunhæf samlegðaráhrif séu metin og að hagræðing og samnýting sé ekki á kostnað listræns og faglegs starfs.



Snorrastofa í Reykholti (t.v.) og Menningarhúsið Hof á Akureyri (t.h.).

Fjármögnun og rekstur menningarhúsa og menningarmiðstöðva

Menningarhús í landsbyggðunum gegna fjölbreyttu hlutverki í samfélaginu og stuðla að menningarlegri fjölbreytni, atvinnuuppbyggingu og efnahagslegum ávinningi. Þrátt fyrir mikilvægi sitt glíma mörg þeirra við áskoranir í rekstri, þar á meðal ótryggt fjármagn og stuðning. Móta þarf skýran ramma fyrir rekstrarfyrirkomulag og fjármögnun sem byggir á blöndu opinberra framlaga, styrkja og eigin tekna. Menningarhús bjóða upp á margvíslega möguleika til vaxtar og nýrrar þróunar. Þau geta þróast sem samfélagsmiðstöðvar sem styrkja félagsleg tengsl, sem vettvangur nýsköpunar í menningu og skapandi greinum og sem aðráttarafi fyrir ferðaþjónustu með jákvæðum hagrænum áhrifum. Menningarhús byggja á misjafnlega sterkum faglegum grunni eftir eðli starfseminnar og hafa ójöfn tækifæri til að skapa sér tekjur. Fyrir menningarhús þarf að þróa blandað rekstrarlíkan þar sem opinber fjármögnun, styrkir og eigin tekjur mynda sterkan grunn til framtíðar. Starfsemi og hlutverk menningarhússins ræður mestu um hvernig fjármögnun þess er best háttáð. Ennfremur þarf að líta til þeirra tækifæra sem e.t.v. eru enn ónýttir möguleikar.

Greining verkefnisins og samanburður við norrænar og evrópskar aðstæður styður þá niðurstöðu að mismunandi fjármögnunargrunnur þurfi að vera til staðar sem tekur mið af starfsemi, eignarhaldi og þjónustusvæði. Skoða þarf leiðir til að móta stöðugan rekstrargrunn með fjármögnun frá ríki, sveitarfélögum og sjálfstæðum sjóðum. Sérstaklega þarf að horfa til menningarmiðstöðva hvað varðar stöðugleika í fjármögnun ríkis og sveitarfélaga um leið og faglegt sjálfstæði þeirra er virt. Menningarmiðstöðvar eru yfirleitt reknar af sveitarfélögum eða sjálfseignarstofnunum með faglegu starfsfólki og ráðgefandi fagráðum eða stjórnnum. Menningarhús eru rekin af sveitarfélögum, félagasamtökum eða einkaaðilum og leggja áherslu á viðburðahald, rýmaleigu og miðlun menningarstarfs fremur en sköpun þess. Grunnfjármögnun frá hinu opinbera með hvata til nýsköpunar getur þróað nýjar tekjulindir og gert rekstur sjálfbærari til framtíðar. Markmiðið er að tryggja bæði rekstraröryggi og sveigjanleika sem gerir menningarhúsum kleift að bregðast við þörfum samfélagsins og þróa starfsemi sína til framtíðar.



Tafla 12. Hlutverk menningarmiðstöðva og menningarhúsa.

Menningarmiðstöð	Menningarhús
Þjónustar heilt svæði eða landshluta.	Þjónustar oft afmarkaðan stað eða samfélag.
Samhæfir og styður menningarstarf á svæðinu í samræmi við stefnumótun landshlutans og þróun í samstarfi við sveitarfélög og ríki.	Skapar vettvang fyrir menningarlega umræðu, samveru og inngildinguna ólíkra samfélagshópa.
Getur veitt faglega ráðgjöf og stuðning til lista-fólks, menningarstofnana og verkefnastjóra.	Aðstaða fyrir listsköpun, sýningar, viðburði og fræðslu.
Með fasta starfsemi og faglegt starfsfólk.	Starfsemi getur verið tímabundin eða verkefnamiðuð.
Tengist mótun og framkvæmd menningarstefnu með framleiðslu viðburða.	Aðaláhersla á afurð skapandi starfs.
Styrkir tengslanet milli fagaðila í menningarlífi.	Veitir aðgengi almennings að menningu óháð aldri, búsetu eða félagslegri stöðu.
Styrkja nýsköpun, fræðslu og menningarlega fjölbreytni með samvinnu s.s. menntakerfis og atvinnulífs.	Efla efnahagslegan ávinning með því að tengjast ferðaþjónustu og öðrum atvinnugreinum.
Eru miðstöð fyrir alþjóðlegt samstarf, gestavinnustofur og tengingu við erlendar menningarstofnanir.	Styðja við nýsköpun í menningu og lista, þróun skapandi greina og atvinnuuppbyggingu.
Hýsir skrifstofur, vinnustofur og rannsóknir sem miða að þróun skapandi greina.	

Tafla 13. Rekstur og fjármögnun menningarhúsa og menningarmiðstöðva.

Tegund	Rekstur og fjármögnun	Einkenni/skilyrði
Menningarmiðstöð	<p>Reknar af sveitarfélögum, ríkisstofnunum eða sjálfseignarstofnunum með föstum fjárveitingum frá ríki og sveitarfélögum.</p> <p>Getur haft sjálfstæðar tekjur af vinnustofuleigu, námskeiðahaldi og þjónustu við menningarstofnanir.</p> <p>Starfa með faglegri stjórn og starfsfólki sem annast stefnumótun, verkefnastjórnun og fræðslu.</p> <p>Hafa gjarnan fagráð sem styður við verkefnaval og stefnumótun.</p> <p>Stök verkefni eða tímabundin starfsemi getur einnig verið rekin að hluta eða öllu leyti af styrkjum úr innlendum og erlendum sjóðum.</p> <p>Hafa starfsmann sem veitir faglega forystu.</p>	<p>Lágmarksopnun, lágmarksfjöldi viðburða, fagráð, þjónusta við landshluta, tenging við menningarstefnu landshluta eða sóknaráætlun þar sem slík áhersla eða stefna er til staðar.</p>
Menningarhús	<p>Fjölbreytt rekstarform sem taka mið af þeirri starfsemi sem fram fer. Oft blanda styrkja og tekna af viðburðahaldi, leigu á aðstöðu og rými.</p>	<p>Menningar- og listastarfsemi er meginviðfangsefni í starfseminni þó annar rekstur geti átt sér stað samhliða.</p>

VIÐAUKI I

STEFNUDRÖG UM MENNINGARHÚS OG MENNINGARMIÐSTÖÐVAR Í LANDSBYGGÐUNUM

MARKMIÐIÐ OG TILGANGUR

Markmið stefnunnar er að menningarhús og menningarmiðstöðvar verði sterk, fagleg og sjálfstæð í starfsemi sinni, með áherslu á samfélagslega þátttöku, skapandi starf og varðveislu menningararfs. Þau tryggja íbúum landsbyggðarinnar aðgengi að menningu og listum og styrki og efla menningarlega sjálfsmynd svæða. Þau séu vettvangur fyrir atvinnuskapandi tækifæri í menningarstarfsemi og geti verið miðstöðvar sköpunar og menningarupplifunar.

HLUTVERK

Menningarhús og menningarmiðstöðvar gegna ólíkum hlutverkum sem þó geta skarast. Menningarhús hafa fjölbreyttari hlutverk og rekstar- og fjármögnunarform þeirra er ólíkt menningarmiðstöðvum. Þær hafa fagráð og stjórnir sem ekki eru alltaf til staðar í menningarhúsum.

Hlutverk menningarhúsa

Menningarhús eru lykileiningar í menningarlífi landsbyggðarinnar. Hlutverk menningarhúsa eru fjölbreytt og víðfeðm en starfsemi þeirra er ætlað að efla menningarstarfsemi og styðja við listsköpun, fræðslu og viðburðahald. Ennfremur að vera samkomustaðir fyrir íbúa og menningarupplifanir, miðla menningarfi og vernda hann sem og styðja við nýsköpun í menningu. Þau eru samverustaður og vettvangur fyrir atvinnu og listsköpun þeirra sem starfa í menningu og skapandi greinum s.s. með viðburðahaldi og auka þátttöku íbúa í menningarstarfi og upplifun menningar. Þeirra hlutverk getur meðal annars falist í:

- » Tryggja öllum landsmönnum aðgengi að fjölbreyttu menningarstarfi.
- » Efla samstarf milli menningarhúsa, sveitarfélaga og ríkisvalds.
- » Stuðla að fyrirsjáanlegu umhverfi í rekstri og fjármögnun menningarstarfs.
- » Auka þátttöku íbúa í menningarlífi og efla nýsköpun.
- » Miðla menningararfi með nútímalegum og skapandi hætti.
- » Auka samstarf á milli svæða, menningarstofnana, sveitarfélaga og ríkisins.
- » Styðja við listsköpun og aðrar skapandi greinar sem drifkraft nýsköpunar og atvinnuuppbyggingar.

Hlutverk menningarmiðstöðva

Menningarmiðstöðvar eru faglegar einingar sem gegna lykilhlutverki í skipulagi, stefnumótun og þróun menningarstarfsemi í landsbyggðunum. Þær eru miðstöðvar sem samhæfa og styðja menningarlíf svæðisins á faglegum forsendum. Menningarmiðstöðvar skapa aðstöðu og umgjörð fyrir skapandi starfsemi, efla nýsköpun og byggja upp tengslanet á milli listafólks, menningarstofnana og samfélagsins. Þeirra hlutverk getur meðal annars falist í að:

- » Samhæfa og styðja menningarstarf á svæðinu í samræmi við stefnumótun landshlutans.
- » Veita faglega ráðgjöf og stuðning til listafólks, menningarstofnana og verkefnastjóra.
- » Hýsa vinnustofur, skrifstofur og rannsóknartengd verkefni sem miða að þróun skapandi greina.
- » Styrkja nýsköpun, fræðslu og menningarlega fjölbreytni með samvinnu milli geira, svo sem ferðaþjónustu, menntakerfis og atvinnulífs.
- » Taka virkan þátt í mótun og framkvæmd svæðisbundinnar menningarstefnu í samstarfi við sveitarfélög og ríki.
- » Vera miðstöð fyrir alþjóðlegt samstarf, gestavinnustofur og tengingu við erlendar menningarstofnanir.

Fagráð og stjórnir

Fagráð og stjórnir gegna mikilvægu hlutverki í faglegri stefnumótun, eftirliti og þróun menningarmiðstöðva, menningarstofa og menningarstofnana. Fagráð og stjórnir eru lykilstoðir í að tryggja gæði og stefnumarkandi þróun menningarstarfsemi. Fagráð vinna faglega stefnumótunarvinnu en stjórnir bera ábyrgð á framkvæmd, fjármálum og samhæfingu við samfélagið. Skipan fagráða tekur mið af starfsemi einingar en meginhlutverk fagráðs er fagleg ráðgjöf og því oftast skipað út frá því sjónarmiði að ná fram faglegum sjónarmiðum. Skýr verkaskipting og virkt samstarf fagráða og stjórna er nauðsynlegt til að tryggja árangur. Skipan stjórna getur verið með ýmsum hætti og tekur mið af rekstrarfyrirkomulagi og eignarhaldi; sveitarfélög skipa oft meirihluta fulltrúa, sér í lagi þegar menningarstarfsemin er



Turnhúsið í Neðstakaupstað á Ísafirði.

fjármögnuð með opinberu fé. Í sumum tilfellum situr fulltrúi ríkisins í stjórn, ef um er að ræða rekstur sem hlýtur ríkisframlag. Stjórnir sjálfseignarstofnana geta verið skipaðar að hluta til af félagasamtökum og einstaklingum með sérstaka tengingu við menningarstarfið. er að ræða rekstur sem hlýtur ríkisframlag. Stjórnir sjálfseignarstofnana geta verið skipaðar að hluta til af félagasamtökum og einstaklingum með sérstaka tengingu við menningarstarfið.

Fagráð

- » Vinna að faglegri stefnumótun, móta forgangsröðun verkefna og ráðgefa um þróun.
- » Stuðla að gæðum og fjölbreytni í menningarviðburðum.
- » Eru skipuð fulltrúum listgreina, sveitarfélaga og samfélagslegra hagsmunaaðila sem hafa þekkingu sem nýtist í starfi stofnunarinnar.
- » Veita ráðgjöf um fjármögnun og verkefnaval.

Stjórnir

- » Bera ábyrgð á fjárhag og rekstri, ráða stjórnendur og fylgja eftir stefnu og markmiðum.
- » Samþykkja fjárhagsáætlanir og hafa eftirlit með framkvæmd stefnunnar.
- » Tryggja virkt samstarf við fagráð, aðrar menningarstofnanir, menningarstefnu sveitarfélaga og landshlutanna.

REKSTRARFYRIRKOMULAG OG FJÁRMÖGNUN

Rekstrarfyrirkomulag menningarhúsa og menningarmiðstöðva er fjölbreytt og ræðst að hluta til af stærð, umfangi og hlutverki hvers staðar. Fjármögnun skal byggjast á blöndu af opinberum styrkjum, samstarfi við fyrirtæki og tekjum af viðburðahaldi. Sveitarfélög og ríkið skulu tryggja stöðugan grunnrekstur. Leitast skal við að skapa möguleika á fjárhagslegri sjálfbærni með aukinni nýsköpun og þróun nýrra tekjulinda. Tryggja stöðugan rekstrargrunn menningarmiðstöðva með fjármögnun frá ríki og sveitarfélögum.

FRAMTÍÐARSÝN

Menningarhús og menningarmiðstöðvar séu í öllum landsbyggðum og þróast í takt við samfélagsþarfir og alþjóðlega þróun í menningarmálum. Framtíðarsýnin byggir á markmiðum þessarar stefnu og aðgerðaáætlun sem sett er út frá henni.

FRAMKVÆMD OG EFTIRFYLGNI

Landshlutasamtök sveitarfélaga vinna að innleiðingu stefnunnar og framkvæmd aðgerðaáætlunar í samstarfi við menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytið sem ber ábyrgð á menningarstefnu á landsvísi. Samtök sveitarfélaga í hverjum landshluta samræma menningarstefnu innan svæðisins og tryggja að staðbundnar menningarstofnanir fái viðeigandi stuðning. Ríki og sveitarfélög tryggja fjármögnun framkvæmdar. Til að tryggja árangur stefnunnar og aðgerðaáætlunar sem byggð er á henni skal framkvæmd og eftirfylgni felast í eftirfarandi:

- » Stofnun samstarfshóps um framkvæmd stefnunnar og gerð aðgerðaáætlunar sem gildir til 5 ára í senn.
- » Mótun mælikvarða til að fylgjast með framvindu og árangri.
- » Árleg yfirferð og uppfærsla aðgerðaáætlunar í ljósi reynslu og nýrra áskorana.
- » Árlegt menningarþing fyrir menningarhús og menningarmiðstöðvar í landsbyggðunum.

VIÐAUKI II

YFIRLIT YFIR MENNINGARHÚS - SKRÁNINGARBLAÐ

Uppruni gagna

Tegund
Safn
Bókasafn
Sviðslistir
Menningarhús
Menningarmiðstöð
Menningararfur
Sjónlistir
Menningarfræði
Menningarmiðstöð
Menningarhús
Menningarsetur
Menningarstofa
Félagsheimili
Undirtegund
Listasafn
Sögusafn
Náttúru- og vísindasafn
Sérsafn
Almennt bókasafn
Leikhús
Tónleikahús
Svæðistengt menningarhús eða miðstöð
Samfélagstengt menningarhús eða miðstöð
Félagsheimili í bæ eða þorpi
Félagsheimili í sveit

Fornleifa- eða sögustaður
Minjasafn
Myndlistarrými (sýningar/gallerí)
Opinbert/almennings
Myndlistarrými einkarekið
Kvikmyndasetur (safn/sýningarhús)
Bókmenntasetur/hús/stofnun
Þverfaglegar sýningar (náttúrusýningar /gagnvirkar sýningar)
Fræðasetur tengt menningu (rannsóknir/residensíur)
Fjölnotahús (margir flokkar eiga við)
Aths/athugasemdir í textaformi án skilyrts vals

Nafn menningarhúss /Staðar

Staðsetning /Heimilisfang

Staðsetning á korti /GIS*

Er um skilgreinda menningarmiðstöð eða stofnun að ræða?

Já
Nei
Veit ekki

Hver er eigandi hússins?

Hver rekur starfsemina?

Hvert er rekstrarformið?

Einstaklingur
Félagasamtök
Einkahlutafélag
Hlutafélag
Samvinnufélag
Sjálfsseignarstofnun
Annað

Hvaða starfsemi fer fram?

Er fagráð eða stjórn um starfsemina?

Já
Nei
Veit ekki

Er samningur, samþykktir eða skipulagsskrá um starfsemina?

Já
Nei
Veit ekki

Er starfsmaður/ starfsmenn?

Já
Nei
Veit ekki

Ef starfsfólk, hve margir?

Er starfsemin opin almenningi?

Já
Nei
Veit ekki

Er aðgengi fyrir fólk með fötlun?

Já
Nei
Veit ekki

Hve marga gesti rúmar húsið?

WC aðstaða?

Já
Nei
Veit ekki

Eldhús? Vottað?

Já, almennt eldhús eða kaffiaðstaða
Já, vottað eldhús
Nei, engin slík aðstaða
Veit ekki

Gistirými? Hve mörg rúm?

Hljóðkerfi? Hvernig?

Græni hatturinn á Akureyri.



Ljósabúnaður? Hvernig?

Sýningarveggir?

Já, fastir veggir sem má nota til að hengja upp sýningar
Já, sýningarveggir sem má færa og setja upp mismunandi
Nei, engin slík aðstaða
Veit ekki

Hljóðfæri? Hver?

Myndvarpi? Aðstaða fyrir kynningar & fyrirlestra?

Já, fastur varpi á vegg eða tjald + hljóðkerfi
Já, færanlegur varpi á vegg eða tjald + hljóðkerfi
Já, fastur varpi á vegg eða tjald en ekki hljóðkerfi
Já, færanlegur varpi á vegg eða tjald en ekki hljóðkerfi
Enginn varpi en skjár sem hægt er að tengjast við
Bæði varpi og skjár/ir
Enginn búnaður fyrir kynningar eða fyrirlestra

Svið

Já
Nei
Veit ekki

Er umhverfisstefna í stofnuninni?

Já
Nei
Veit ekki

Framleiðir húsið viðburði?

Hefur húsið/stofnunin fjárráð til að ráða til sín viðburði?

Er það partur af rekstrinum eða er það háð styrkjafjármagni?

Annað sem þú vilt bæta við varðandi staðinn/húsnæðið?

VIÐAUKI III

SPURNINGAR

Spurningar sem sendar voru með í gagnasöfnunarferlinu til starfsmanna landshlutasamtaka og sveitarfélagasem sinna menningarmálum eða rekstraraðila menningarhúsa.

- » Hvernig skilgreinir þú hugtökin menningarhús, menningarmiðstöð, menningarstofa, menningarstofnun? Er þetta allt sama fyrirbærið eða er stigs- og/eða eðlismunur á þessum hugtökum?
- » Hvaða hlutverki gegna menningarmiðstöðvar? Hvaða hlutverki ættu þær að gegna?
- » Hvaða möguleikar og tækifæri eru í rekstri og starfsemi þeirra?
- » Hver er framtíðarsýn menningarmiðstöðva? Stefnumótun; græn, sjálfbær - hvernig á hún að vera?
- » Eru önnur hús eða starfsemi sem tengjast menningu og ætti að skilgreina þessi hús og staði í ákveðna flokka?
- » Er skilgreind menningarmiðstöð eða menningarstofnun á þínu svæði?
- » Er til menningarstefna fyrir landshlutann í heild? En stök sveitarfélög?



Steinasafn Petru á Stöðvarfirði.

VIÐAUKI IV

HUGTAKANOTKUN

Skilgreiningar Íslensk nútímamál-
sorðabók. <http://islenskordabok.is>
og fyrsta notkun ártal í sviga
<https://ritmalssafn.arnastofnun.is/>

Menning

þroska- eða þróunarstig mannlegs
samfélags, andlegt líf þess og
efnisleg gæði

Menningarfulltrúi

starfsmaður sem sinnir menningar-
málum í sveitarfélagi eða hjá
sendiráði

Hús

mannvirki, bygging með veggjum og
þaki yfir

Miðstöð

meginaðsetur félags eða fyrirtækis

Menningarmiðstöð (1933)

miðstöð þar sem eru viðburðir og
fræðsla á sviði menningar og lista

Setur (1965)

staður fyrir ákveðna starfsemi, t.d. safn

Stofnun (1917)

föst starfsemi með ákveðin verkefni í
almannabágu

aðsetur eða skrifstofa stofnunar

Menningarstofnun

stofnun sem sinnir menningarstarfi

Stofa

sameiginlegt herbergi (oft í stærra lagi)
í húsi eða íbúð, dagstofa

vinnustaður sérfræðings, t.d. lækna-

stofa, snyrtistofa,

hárgreiðslustofa

herbergi í skóla fyrir einn bekk,

kennslustofa, skólastofa

herbergi fyrir sjúklinga á sjúkrahús-

gangi, sjúkrastofa

Dæmi um notkun

Menningarstofa

Menningarstofa Fjarðabyggðar

Kirkjubæjarstofa

Snorrastofa

Bakkastofa

Skaftárstofa

Snæfellsstofa

Skaftafellsstofa

Menningarsetur

Skriðuklaustur

Frystiklefinn

Múslimar

Landnámssetur

Vesturfarasetur

Snjáfjallasetur

Ljóðasetur

Melrakkasetur

Köttlusetur

Hælið setur um sögu berklanna

Draugasetur

Fræðasetur um forystufé

Æðarsetur

Fischersetur

Þórbergssetur

Selasetur

Breiðdalssetur

Þjóðlagasetur

Skrímslasetur

Menningarhús

Menningarhúsið Berg

Menningarhúsið Tjarnarborg

Flóra menningarhús

Menningarhúsið Hof

Kvikan auðlinda- og menningar-
hús

Safnahúsið Ísafirði

Menningarmiðstöð

Skaftfell myndlistarmiðstöð

Austurlands

Sláturhúsið menningarmiðstöð

Vesturfaramiðstöð

Tónlistarmiðstöð

Menningarmiðstöð Hornafjarðar

Edinborg menningarmiðstöð

Duus menningar- og listamiðstöð

Hljómahöll menningarmiðstöð

Menningarrými

Deiglan Akureyri



Gamansöngleikurinn Addams fjölskyldan í uppfærslu Leikflokks Húnaþings vestra.

VIÐAUKI V

MENNINGARSTOFNANIR

Meningarstofnun ⁸⁷	Landshluti
Gljúfrasteinn	Höfuðborgarsvæði
Hljóðbókasafn Íslands	Höfuðborgarsvæði
Íslenski dansflokkurinn	Höfuðborgarsvæði
Kvikmyndamiðstöð Íslands	Höfuðborgarsvæði
Kvikmyndasafn Íslands	Höfuðborgarsvæði
Landsbókasafn Íslands	Höfuðborgarsvæði
Listasafn Einars Jónssonar	Höfuðborgarsvæði
Listasafn Íslands	Höfuðborgarsvæði
Miðstöð íslenskra bókmennta	Höfuðborgarsvæði
Náttúruminjasafn Íslands	Höfuðborgarsvæði
Ríkisútvarpið ohf	Höfuðborgarsvæði
Sinfóníuhljómsveit Íslands	Höfuðborgarsvæði
Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum	Höfuðborgarsvæði
Þjóðleikhúsið	Höfuðborgarsvæði
Þjóðminjasafn Íslands	Höfuðborgarsvæði
Þjóðskjalasafn Íslands	Höfuðborgarsvæði

Stofnun á framlögum ⁸⁸	Landshluti
Vesturfarasetur Hofsósi	Norðurland vestra
Gunnarsstofnun	Austurland
Þórbergssetur	Suðurland
Snorrastofa	Vesturland

Samningur ⁸⁹	Landshluti
Akureyrarbær og mennta- og menningarráðuneyti	Norðurland eystra

VIÐAUKI VI

BÓKASÖFN⁹⁰

Nafn	Eigandi	Landshluti
Héraðsskjalasafn Austfirðinga	Bygðasamlag	Austurland
Austurbrú	Félagasamtök	Austurland
Bókasafn Fáskrúðsfjarðar	Fjarðabyggð	Austurland
Bókasafnið á Breiðdalsvík	Fjarðabyggð	Austurland
Bókasafnið á Eskifirði	Fjarðabyggð	Austurland
Bókasafnið á Reyðarfirði	Fjarðabyggð	Austurland
Bókasafnið á Stöðvarfirði	Fjarðabyggð	Austurland
Bókasafnið í Neskaupstað	Fjarðabyggð	Austurland
Bókasafn Djúpavogs	Múlaþing	Austurland
Bókasafn Héraðsbúa	Múlaþing	Austurland
Bókasafn Seyðisfjarðar	Múlaþing	Austurland
Egilsstaðaskóli	Múlaþing	Austurland
Fellaskóli Múlaþingi	Múlaþing	Austurland
Menntaskólinn á Egilsstöðum	Ríkið	Austurland
Verkmenntaskóli Austurlands	Ríkið	Austurland
Skólaskrifstofa Austurlands	Sjálfseignarstofnun	Austurland
Bókasafn Vopnafjarðar	Vopnafjarðarhreppur	Austurland
Amtsboðkasafnið á Akureyri	Akureyrarkaupstaður	Norðurland eystra
Amtsboðkasafnið á Akureyri (les.)	Akureyrarkaupstaður	Norðurland eystra
Árskógarskóli	Dalvíkurbyggð	Norðurland eystra
Bókasafn Dalvíkurbyggðar	Dalvíkurbyggð	Norðurland eystra
Dalvíkurskóli	Dalvíkurbyggð	Norðurland eystra

Nafn	Eigandi	Landshluti
Bókasafn Eyjafjarðarsveitar	Eyjafjarðarsveit	Norðurland eystra
Bókasafn Fjallabyggðar Ólafsfirði	Fjallabyggð	Norðurland eystra
Bókasafn Fjallabyggðar Siglufirði	Fjallabyggð	Norðurland eystra
Grunnskóli Fjallabyggðar	Fjallabyggð	Norðurland eystra
Héraðsskjalasafn Fjallabyggðar	Fjallabyggð	Norðurland eystra
Bókasafn Grýtubakkahrepps	Grýtubakkahreppur	Norðurland eystra
Bókasafn Þelamerkurskóla	Hörgársveit	Norðurland eystra
Borgarhólsskóli	Norðurþing	Norðurland eystra
Bókasafn Öxarfjarðar	Norðurþing	Norðurland eystra
Bókasafnið á Húsavík	Norðurþing	Norðurland eystra
Bókasafnið á Raufarhöfn	Norðurþing	Norðurland eystra
Framhaldsskólinn á Húsavík	Ríkið	Norðurland eystra
Framhaldsskólinn á Laugum	Ríkið	Norðurland eystra
Háskólinn á Akureyri	Ríkið	Norðurland eystra
Menntaskólinn á Akureyri	Ríkið	Norðurland eystra
Sjúkrahúsið á Akureyri	Ríkið	Norðurland eystra
Verkmenntaskólinn á Akureyri	Ríkið	Norðurland eystra
Bókasafn Mývatnssveitar	Skútustaðahreppur	Norðurland eystra
Bókasafn Lestrarfélags Svalbarðsstrandar	Svalbarðsstr.hreppur	Norðurland eystra
Bókasafn Aðaldæla	Þingeyjarsveit	Norðurland eystra
Bókasafn Reykdæla	Þingeyjarsveit	Norðurland eystra
Bókasafnið í Stórutjarnaskóla	Þingeyjarsveit	Norðurland eystra

⁸⁷ Stjórnarráð Íslands: [Sófn og menningarstofnanir](#).

⁸⁸ Stjórnarráð Íslands: [Sófn og menningararfur](#).

⁸⁹ Samningur mennta- og menningarmálaráðuneytis við Akureyrarbæ.

⁹⁰ Menningarfélag Akureyrar.

⁹⁰ Landskerfi bókasafna: [Bókasöfn](#).

[Stjórnarráð Íslands: Sófn og menningarstofnanir](#).

Nafn	Eigandi	Landshluti
Héraðsbókasafn Austur-Húnavatnssýslu	Húnabyggð	Norðurland vestra
Húnaskóli	Húnabyggð	Norðurland vestra
Bókasafnið í Dalsmynni	Húnabyggð	Norðurland vestra
Árskóli	Sv.f. Skagafjörður	Norðurland vestra
Bókasafnið á Hofsósi	Sv.f. Skagafjörður	Norðurland vestra
Grunnskólinn austan Vatna	Sv.f. Skagafjörður	Norðurland vestra
Héraðsbókasafn Skagfirðinga	Sv.f. Skagafjörður	Norðurland vestra
Varmahlíðarskóli	Sv.f. Skagafjörður	Norðurland vestra
Höfðaskóli	Sv.f. Skagaströnd	Norðurland vestra
Bókasafn Skagastrandar	Sv.f. Skagastönd	Norðurland vestra
Flóaskóli	Flóahreppur	Suðurland
Bókasafn Grímsnes- og Grafningshrepps	Grímsnes- og Gr.hr.	Suðurland
Bókasafn Hrunamanna	Hrunamannahreppur	Suðurland
Bókasafnið í Hveragerði	Hveragerðisbær	Suðurland
Grunnskólinn í Hveragerði	Hveragerðisbær	Suðurland
Héraðsbókasafn Vestur-Skaftafellssýslu	Mýrdalshreppur	Suðurland
Víkurskóli Mýrdalshreppi	Mýrdalshreppur	Suðurland
Bókasafn Vestur-Eyjafjalla	Rangárþing eystra	Suðurland
Héraðsbókasafn Rangæinga	Rangárþing eystra	Suðurland
Bókasafnið á Laugalandi	Rangárþing ytra	Suðurland
Bókasafnið Hellu	Rangárþing ytra	Suðurland
Fjölbautaskóli Suðurlands	Ríkið	Suðurland
Landbúnaðarháskólinn Reykjum	Ríkið	Suðurland
Skálholtsbókasafn	Ríkið	Suðurland
Héraðsbókasafnið á Kirkjubæjarklaustri	Skaftárhreppur	Suðurland
Lestrarfélag Skeiða- og Gnúpverjahrepps	Skeiða- og Gnúpv. hr.	Suðurland

Nafn	Eigandi	Landshluti
Þjórskóli	Skeiða- og Gnúpv. hr.	Suðurland
Barnaskólinn á Eyrarbakka og Stokkseyri	Sveitarfélagið Árborg	Suðurland
Bókasafn Árborgar Eyrarbakka	Sveitarfélagið Árborg	Suðurland
Bókasafn Árborgar Selfossi	Sveitarfélagið Árborg	Suðurland
Bókasafn Árborgar Stokkseyri	Sveitarfélagið Árborg	Suðurland
Grunnskóli Hornafjarðar	Sv.f. Hornafjörður	Suðurland
Menningarmiðstöð Hornafjarðar	Sv.f. Hornafjörður	Suðurland
Bæjarbókasafn Ölfuss	Sveitarfélagið Ölfus	Suðurland
Grunnskólinn í Þorlákshöfn	Sveitarfélagið Ölfus	Suðurland
Bókasafn Vestmannaeyja	Vestmannaeyjabær	Suðurland
Grunnskóli Vestmannaeyja - Barnaskóli	Vestmannaeyjabær	Suðurland
Grunnskóli Vestmannaeyja - Hamarsskóli	Vestmannaeyjabær	Suðurland
Bókasafn Grindavíkur	Grindavíkurbær	Suðurnes
Akurskóli	Reykjanesbær	Suðurnes
Bókasafn Reykjanesbæjar aðalsafn	Reykjanesbær	Suðurnes
Bókasafn Reykjanesbæjar Stapasafn	Reykjanesbær	Suðurnes
Háaleitisskóli Ásbrú	Reykjanesbær	Suðurnes
Heiðarskóli Reykjanesbæ	Reykjanesbær	Suðurnes
Holtaskóli	Reykjanesbær	Suðurnes
Myllubakkaskóli	Reykjanesbær	Suðurnes
Njarðvíkurskóli	Reykjanesbær	Suðurnes
Stapaskóli	Reykjanesbær	Suðurnes
Fjölbautaskóli Suðurnesja	Ríkið	Suðurnes
Bókasafn Suðurnesjabæjar	Suðurnesjabær	Suðurnes
Gerðaskóli	Suðurnesjabær	Suðurnes
Bókasafn Stóru-Vogask. og Lestrarfél. Baldur	Sveitarfélagið Vogar	Suðurnes

Nafn	Eigandi	Landshluti
Menntaskólinn á Ísafirði	Ríkið	Vestfirðir
Háskólasetur Vestfjarða	Sjálfseignarstofnun	Vestfirðir
Héraðsbókasafn Strandasýslu	Strandabyggð	Vestfirðir
Bókasafn Vesturbyggðar Bíldudal	Vesturbyggð	Vestfirðir
Bókasafn Vesturbyggðar Patreksfirði	Vesturbyggð	Vestfirðir
Bókasafn Vesturbyggðar Tálknafirði	Vesturbyggð	Vestfirðir
Bókasafn Bolungarvíkur	Bolungarv.kaupst.	Vestfirðir
Bókasafnið Ísafirði	Ísafjarðarbær	Vestfirðir
Grunnskólinn á Ísafirði	Ísafjarðarbær	Vestfirðir
Bókasafn Akraness	Akraneskaupstaður	Vesturland
Brekkubæjarskóli	Akraneskaupstaður	Vesturland
Grundaskóli	Akraneskaupstaður	Vesturland
Bókasafnið í Hrísey	Akureyrarkaupstaður	Vesturland
Brekkuskóli	Akureyrarkaupstaður	Vesturland
Giljaskóli	Akureyrarkaupstaður	Vesturland
Glerárskóli	Akureyrarkaupstaður	Vesturland
Lundarskóli	Akureyrarkaupstaður	Vesturland
Naustaskóli	Akureyrarkaupstaður	Vesturland
Oddeyrarskóli	Akureyrarkaupstaður	Vesturland
Síðuskóli	Akureyrarkaupstaður	Vesturland
Grunnskóli Borgarfjarðar Hvanneyri	Borgarbyggð	Vesturland
Grunnskóli Borgarfjarðar Kleppjárnsreykjum	Borgarbyggð	Vesturland
Grunnskóli Borgarfjarðar Varmalandi	Borgarbyggð	Vesturland
Grunnskólinn í Borgarnesi	Borgarbyggð	Vesturland
Héraðsbókasafn Borgarfjarðar	Borgarbyggð	Vesturland
Snorrastofa	Borgarbyggð	Vesturland

Nafn	Eigandi	Landshluti
Héraðsbókasafn Dalabyggðar	Dalabyggð	Vesturland
Bókasafn Grundarfjarðar	Grundarfjarðarbær	Vesturland
Heiðarskóli Hvalfjarðarsveit	Hvalfjarðarsveit	Vesturland
Leikskólinn Skýjaborg	Hvalfjarðarsveit	Vesturland
Héraðsbókasafn Reykhólahrepps	Reykhólahreppur	Vesturland
Fjölbautaskóli Vesturlands	Ríkið	Vesturland
Landbúnaðarháskólinn Hvanneyri	Ríkið	Vesturland
Bókasafn Snæfellsbæjar	Snæfellsbær	Vesturland
Grunnskóli Snæfellsbæjar Hellissandi	Snæfellsbær	Vesturland
Grunnskóli Snæfellsbæjar Ólafsvík	Snæfellsbær	Vesturland
Amtsboðkasafnið í Stykkishólmi	Stykkishólmsbær	Vesturland

VIÐAUKI VII

VIÐURKENND SÖFN⁹¹

Viðurkennt safn	Landshluti
Minjasafn Austurlands	Austurland
Minjasafnið Bustarfelli	Austurland
Sjóminjasafn Austurlands	Austurland
Tækniminjasafn Austurlands	Austurland
Borgarsögusafn Reykjavíkur	Höfuðborgarsvæðið
Byggðasafn Hafnarfjarðar	Höfuðborgarsvæðið
Gljúfrasteinn – hús skáldsins	Höfuðborgarsvæðið
Grasagarður Reykjavíkur	Höfuðborgarsvæðið
Hafnarborg, menningar- og listamiðstöð Hafnarfjarðar	Höfuðborgarsvæðið
Hönnunarsafn Íslands	Höfuðborgarsvæðið
Kvikmyndasafn Íslands	Höfuðborgarsvæðið
Listasafn ASÍ	Höfuðborgarsvæðið
Listasafn Einars Jónssonar	Höfuðborgarsvæðið
Listasafn Háskóla Íslands	Höfuðborgarsvæðið
Listasafn Kópavogs – Gerðarsafn	Höfuðborgarsvæðið
Listasafn Reykjavíkur	Höfuðborgarsvæðið
Náttúrufræðistofa Kópavogs	Höfuðborgarsvæðið
Nýlistasafnið	Höfuðborgarsvæðið
Byggðasafnið Hvoll, Dalvík	Norðurland eystra
Flugsafn Íslands	Norðurland eystra
Hvalasafnið á Húsavík	Norðurland eystra
Iðnaðarsafnið á Akureyri	Norðurland eystra
Listasafnið á Akureyri	Norðurland eystra
Menningarmiðstöð Þingeyinga	Norðurland eystra

Viðurkennt safn	Landshluti
Minjasafnið á Akureyri	Norðurland eystra
Safnasafnið	Norðurland eystra
Síldarminjasafn Íslands ses.	Norðurland eystra
Byggðasafn Húnavetninga og Strandamanna	Norðurland vestra
Byggðasafn Skagfirðinga	Norðurland vestra
Heimilisiðnaðarsafnið	Norðurland vestra
Byggðasafn Árnesinga	Suðurland
Byggðasafnið í Skógum	Suðurland
Listasafn Árnesinga	Suðurland
Menningarmiðstöð Hornafjarðar	Suðurland
Sagnheimar – Byggðasafn og Náttúrugripasafn	Suðurland
Veiðisafnið	Suðurland
Byggðasafn Garðskaga	Suðurnes
Byggðasafn Reykjanesbæjar	Suðurnes
Listasafn Reykjanesbæjar	Suðurnes
Byggðasafn Vestfjarða	Vestfirðir
Minjasafn Egils Ólafssonar	Vestfirðir
Sauðfjársetrið á Ströndum	Vestfirðir
Byggðasafn Borgarfjarðar	Vesturland
Byggðasafn Dalamanna	Vesturland
Byggðasafn Snæfellinga og Hnappdæla	Vesturland
Byggðasafnið Gørðum, Akranesi	Vesturland
Landbúnaðarsafn Íslands ses.	Vesturland



Indriði G. 100 ára (Óli Arnar Brynjarsson, Feyki).

⁹⁶ Safnaráð: Viðurkennd söfn

VIÐAUKI VIII

SÖFN SKRÁÐ Í SARPI⁹²

Safn	Landshluti
Minjasafn Austurlands	Austurland
Minjasafnið Bustarfelli	Austurland
Ríkarðshús	Austurland
Sjóminjasafn Austurlands	Austurland
Tækniminjasafn Austurlands	Austurland
Borgarsögusafn Reykjavíkur	Höfuðborgarsvæði
Byggðasafn Hafnarfjarðar	Höfuðborgarsvæði
Gerðarsafn - Listasafn Kópavogs	Höfuðborgarsvæði
Gljúfrasteinn - hús skáldsins	Höfuðborgarsvæði
Hafnarborg	Höfuðborgarsvæði
Hönnunarsafn Íslands	Höfuðborgarsvæði
Listasafn ASÍ	Höfuðborgarsvæði
Listasafn Einars Jónssonar	Höfuðborgarsvæði
Listasafn Íslands	Höfuðborgarsvæði
Lyfjafræðisafn	Höfuðborgarsvæði
Minjasafn Landsvirkjunar	Höfuðborgarsvæði
Minjasafn RARIK	Höfuðborgarsvæði
Myntsafn Seðlabanka og Þjóðminjasafns	Höfuðborgarsvæði
Náttúruminjasafn Íslands	Höfuðborgarsvæði
Nýlistasafnið	Höfuðborgarsvæði
Stofnun Wilhelms Beckmann	Höfuðborgarsvæði
Þjóðminjasafn Íslands	Höfuðborgarsvæði

Safn	Landshluti
Örnefnasafn Árnastofnunar	Höfuðborgarsvæði
Smámunasafn Sverris Hermannssonar	Norðurland eystra
Byggðasafn Dalvíkurbyggðar Hvoll	Norðurland eystra
Flugsafn Íslands	Norðurland eystra
Iðnaðarsafnið á Akureyri	Norðurland eystra
Listasafn Fjallabyggðar	Norðurland eystra
Menningarmiðstöð Þingeyinga	Norðurland eystra
Minjasafnið á Akureyri	Norðurland eystra
Safnasafnið - Alþýðulist Íslands	Norðurland eystra
Síldarminjasafn Íslands	Norðurland eystra
Byggðasafn Skagfirðinga	Norðurland vestra
Heimilisiðnaðarsafnið	Norðurland vestra
Byggðasafn Húnavetninga og Strandamanna	Norðurland vestra
Menningarmiðstöð Hornafjarðar	Suðurland
Byggðasafn Árnesinga/Sjóminjasafnið á Eyrarbakka	Suðurland
Byggðasafnið Skógum	Suðurland
Listasafn Árnesinga	Suðurland
Sagnheimar	Suðurland
Veiðisafnið	Suðurland
Byggðasafn Reykjanesbæjar	Suðurnes
Byggðasafnið á Garðskaga	Suðurnes
Listasafn Reykjanesbæjar	Suðurnes

Safn	Landshluti
Byggðasafn Vestfjarða	Vestfirðir
Ljósmyndasafnið Ísafirði	Vestfirðir
Minjasafn Egils Ólafssonar Hnjóti	Vestfirðir
Minjasafnið Kört	Vestfirðir
Sauðfjársetur á Ströndum	Vestfirðir
Sjóminjasafnið Ósvör	Vestfirðir
Snjáfjallasetur	Vestfirðir
Steinshús	Vestfirðir
Byggðasafn Dalamanna	Vesturland
Byggðasafnið í Görðum á Akranesi	Vesturland
Bæringsstofa	Vesturland
Landbúnaðarsafn Íslands	Vesturland
Norska húsið - Byggðasafn Snæfellinga og Hnappdæla	Vesturland
Safnahús Borgarfjarðar	Vesturland

⁹² [Sarpur](#).

VIÐAUKI IX

LANDSHLUTAR & SVEITARFÉLÖG: MANNFJÖLDI, MENNINGARSTEFNUR, BÓKASÖFN, SÖFN, MENNINGARMÍÐSTÖÐVAR

	Staðsetning	Alls	Karlar	Konur	Kynsegin	Menningarstefna
Suðurnes	Reykjanesbær	22.499	12.127	10.369	3	
	Grindavíkurbær	1.246	704	542	0	
	Sveitarfélagið Vogar	1.741	910	831	0	
	Suðurnesjabær	4.091	2.183	1.906	2	
Vesturland ⁹³	Akraneskaupstaður	8285	4256	4025	4	já
	Skorradalshreppur	65	37	28	0	
	Hvalfjarðarsveit	760	405	354	1	
	Borgarbyggð	4102	2150	1952	0	já
	Grundarfjarðarbær	826	435	390	1	
	Eyja- og Miklaholtshreppur	124	52	72	0	
	Snæfellsbær	1669	880	789	0	já
	Sveitarfélagið Stykkishólmur	1285	674	611	0	já
	Dalabyggð	645	340	305	0	
	Vestfirðir	Bolungarvíkurkaupstaður	995	512	483	0
Ísafjarðarbær		3832	1969	1858	5	já ⁹⁴
Reykhólahreppur		246	124	122	0	nei
Vesturbyggð		1314	725	589	0	nei
Súðavíkurhreppur		209	119	90	0	nei
Árneshreppur		60	36	24	0	nei
Kaldrananeshreppur		115	54	60	1	nei
Strandabyggð		405	213	192	0	nei

⁹³ Menningarstefna Vesturlands er í gildi en er nú í endurskoðun. Sum sveitarfélögin á Vesturlandi styðjast við þá menningarstefnu. Varðandi bókasöfn, þá eru gefnar upp tölur þar sem almenningsbókasöfnin eru talin en innan sviga eru tölur með skólabókasöfnunum.

⁹⁴ 2022-2032

⁹⁵ Sameiginleg menningarstefna fyrir SSNV var endurskoðuð síðast 2016. Núverandi starfsfólk sveitarfélaganna þekkir hana ekki og starfar ekki eftir henni.

⁹⁶ Bókasöfn án skólabókasafna. Eignarhald á sumum söfnum er þvert á sveitarfélög, skráning miðuð við sveitarfélag þar sem höfuðstöðvar eru. Svalbarðsstrandarhreppur er með samning við Amtsbókasafn sem bókasafn sveitarfélagsins.

	Staðsetning	Alls	Karlar	Konur	Kynsegin	Menningarstefna
Norðuri. v. ⁹⁵	Húnaþing vestra	1203	596	605	2	Nei
	Sveitarfélagið Skagaströnd	462	238	224	0	Nei
	Húnaþing norðra	1374	709	665	0	Nei
	Skagafjörður	4316	2153	2163	0	Nei
Norðurland eystra ⁹⁶	Akureyrarbær	20050	10103	9936	11	* ⁹⁷
	Norðurþing	3114	1654	1460	0	nei
	Fjallabyggð	1966	1000	964	2	Já ⁹⁸
	Dalvíkurbyggð	1906	963	943	0	Já ⁹⁹
	Eyjafjarðarsveit	1184	595	589	0	nei
	Hörgársveit	847	439	408	0	já ¹⁰⁰
	Svalbarðsstrandarhreppur	504	267	237	0	nei
	Grýtubakkahreppur	389	201	188	0	nei
	Tjörneshreppur	53	25	28	0	nei
	Pingeyjarsveit	1453	761	691	1	nei
Norðurland vestra ¹⁰⁰	Langanesbyggð	560	310	250	0	nei
	Fjarðabyggð	5247	2825	2419	3	¹⁰²
	Múlaþing	5232	2711	2519	2	já
	Vopnafjarðarhreppur	648	321	327	0	nei
Austurland ¹⁰⁰	Fljótisdalshreppur	90	53	37	0	nei
	Vestmannaeyjabær	4470	2388	2081	1	já
	Sveitarfélagið Árborg	12064	6113	5942	9	já
Suðurland	Sveitarfélagið Hornafjörður	2589	1342	1247	0	já
	Mýrdalshreppur	965	502	463	0	Nei
	Skaftárhreppur	627	348	279	0	Nei
	Ásahreppur	299	163	135	1	Nei

⁹⁷ Rann út 2018, Safnastefnan til 2026.

⁹⁸ Uppfærð 2020.

⁹⁹ Uppfærð 2021.

¹⁰⁰ Til 2033.

¹⁰¹ Menningarstefna fyrir Austurland er í vinnslu. ¹⁰⁰ Til 2033.

¹⁰² Rann út 2021.

VIÐAUKI X

MENNINGARHÚS SKRÁÐ Í GAGNASAFN - STUTT YFIRLIT.

Landshluti	Menningarhús	Staður	Flokkur	Skilgreind menningar- miðstöð	Starfsemi
Austurland	Alþýðuskólinn á Eiðum		Annað - Menning og listir ekki megin viðfangsefni, aðstaða fyrir menningarstarf		
Austurland	Arnhólsstaðir	Skriðdal, 701 Egilsstaðir	Félagsheimili í sveit		Félagsheimili sveitarinnar. Einstaklingar og félög geta leigt húsið fyrir alls kyns viðburði; námskeiðahald, fundi, ættarmót og samkvæmi.
Austurland	Ars Longa	Vogaland 5, 765 Djúpvogur	Einkarekin lista- og menningarstarfsemi	Já	Samtímalistasafn. Listasýningar, viðburðir.
Austurland	Barnaskólinn á Eiðum	Eiðavellir	Annað - Menning og listir ekki megin viðfangsefni, aðstaða fyrir menningarstarf	Nei	Var áður grunnskóli. Þjónar hlutverki félagsheimilis sveitarinnar. Einstaklingar og félög geta leigt húsið fyrir alls kyns viðburði; námskeiðahald, fundi, ættarmót og samkvæmi.
Austurland	Beituskúrin	Egilsbraut 26, 740 Neskaupstaður	Annað - Menning og listir ekki megin viðfangsefni, aðstaða fyrir menningarstarf	Nei	Veitingarstaður og viðburðir.
Austurland	Beljandi brugghús		Annað - Menning og listir ekki megin viðfangsefni, aðstaða fyrir menningarstarf		
Austurland	Bragðavellir	Bragðavellir, 765 Djúpvogur	Annað - Menning og listir ekki megin viðfangsefni, aðstaða fyrir menningarstarf	Já	Veitingastaður, viðburðahald, smáhýsi.
Austurland	Brúarásskóli	Brúarás, Jökulsárhlíð, 701 Egilsstaðir	Annað - Menning og listir ekki megin viðfangsefni, aðstaða fyrir menningarstarf	Nei	Brúarásskóli er grunnskóli. Íþróttahús skólans er nýtt á svipaðan hátt og hefðbundin félagsheimili til sveita, þ.e. Þar eru haldin þorablót, ættarmót, veislur og fleira.
Austurland	Bustarfell	Bustarfell, 690 Vopnafjörður	Viðurkennt safn	Já	Minjasafn
Austurland	Egilsbúð	Egilsbraut 1, 740 Neskaupstaður	Félagsheimili í bæ eða þorpi	Já	Félagsstarf, tónleikar og leiksýningar.
Austurland	Eskifjarðarkirkja	Dalbraut 2, 735 Eskifjörður	Kirkja/safnaðarheimili	Já	Tónleikar & leiksýningar.
Austurland	Faktorshús	Búð 3, 756 Djúpvogur	Annað - Menning og listir ekki megin viðfangsefni, aðstaða fyrir menningarstarf		Bar og viðburðir.
Austurland	Félagsheimilið lðavellir	lðavellir, 701 Egilsstaðir	Félagsheimili í sveit	Nei	Félagsheimili sveitarinnar. Einstaklingar og félög geta leigt húsið fyrir viðburði; námskeiðahald, fundi, ættarmót og samkvæmi.
Austurland	Fjarðabyggðarhöllin		Íþróttahús		
Austurland	Fjarðarborg	Fjarðarborg, 720 Borgarfj. eystri	Félagsheimili í bæ eða þorpi	Nei	Tónlist, sviðslistir, gjörningalist o.fl.
Austurland	Franska safnið/Fosshótel Fáskrúðsfjörður	Fáskrúðsfjörður	Annað - Menning og listir ekki megin viðfangsefni, aðstaða fyrir menningarstarf	Nei	Sýning tengd sögu franskra sjómanna.

	Staðsetning	Alls	Karlar	Konur	Kynsegin	Menningar- stefna
Suðurland	Rangárþing eystra	2073	1067	1006	0	Nei
	Rangárþing ytra	1940	1011	929	0	Nei
	Hrunamannahreppur	914	506	408	0	Nei
	Hveragerðisbær	3300	1674	1626	0	Já
	Sveitarfélagið Ölfus	2757	1497	1260	0	Já
	Grímsnes- og Grafningshreppur	575	297	278	0	Nei
	Skeiða- og Gnúpverjahreppur	617	314	302	1	Nei
	Bláskógabyggð	1362	675	687	0	Nei
	Flóahreppur	726	369	357	0	Nei

Landshluti	Menningarhús	Staður	Flokkur	Skilgreind menningar-miðstöð	Starfsemi
Austurland	Frystihúsið	Sólvellir 21b, 760 Breiðdalsvík	Samkomuhús ekki félagsheimili	Já	Viðburðahald
Austurland	Gunnarsstofnun	Skríðuklaustri, 701 Egilsstöðum	Menningarstofnun	Já	Fræðastarfsemi, listviðburðir, sýning, resedensía listamanna.
Austurland	Hafnarhús Borgarfirði	Höfn, 720 Borgarfj. eystri	Annað - Menning og listir ekki megin viðfangsefni, aðstaða fyrir menningarstarf	Nei	Myndlist o.fl.
Austurland	Havarí	Karlsstaðir, Berufirði	Annað - Menning og listir ekki megin viðfangsefni, aðstaða fyrir menningarstarf	Nei	Aðstaða til tónleikahalds.
Austurland	Heima	Austurvegur 15, 710 Seyðisfjörður	Einkarekin lista- og menningarstarfsemi		Residensía með vinnurými. Aðstaða fyrir sýningar. Myndlist, ljósmyndum, gjörningur o.fl.
Austurland	Hengifoss Þjónustumiðstöð	Hengifoss, 701 Egilsstaðir	Annað - Menning og listir ekki megin viðfangsefni, aðstaða fyrir menningarstarf	Nei	Upplýsingaveita, ferðaþjónusta.
Austurland	Herðubreið	Austurvegur 4, 710 Seyðisfjörður	Félagsheimili í bæ eða þorpi	Já	Herðubreið menningar- og félagsheimili Seyðisfjarðar hýsir ýmsar hátíðir og viðburði. Herðubíó er þar til húsa og LungA-skólinn er með starfsemi sína í húsinu á veturna.
Austurland	Hildibrand Hótel	Hafnarbraut 2, 740 Neskaupstaður	Annað - Menning og listir ekki megin viðfangsefni, aðstaða fyrir menningarstarf	Nei	Veitingarstaður og viðburðir.
Austurland	Hjaltalundur	Hjaltastaðabíngahá, 701 Egilsstaðir	Félagsheimili í sveit		Félagsheimili sveitarinnar. Einstaklingar og félög geta leigt húsið fyrir alls kyns viðburði; námskeiðahald, fundi, ættarmót og samkvæmi.
Austurland	Hótel Framtið	Vogaland 4, 765 Djúpvogur	Annað - Menning og listir ekki megin viðfangsefni, aðstaða fyrir menningarstarf	Nei	Hótel, veitingastaður og viðburðahald.
Austurland	Hótel Stuðlagil	Skjöldólfsstaðir Jökuldal, 701 Egilsstaðir	Annað - Menning og listir ekki megin viðfangsefni, aðstaða fyrir menningarstarf	Nei	Hótel, veitingastaður og viðburðahald.
Austurland	Íþróttahúsið Fáskrúðsfirði	750 Fáskrúðsfjörður	Íþróttahús		
Austurland	Íþróttahúsið Norðfirði	740 Neskaupstaður	Íþróttahús		
Austurland	Íþróttahúsið Reyðarfirði	730 Reyðarfjörður	Íþróttahús		
Austurland	Íþróttahúsið Stöðvarfirði	755 Stöðvarfjörður	Íþróttahús		
Austurland	Kaffi Cosy	730 Reyðarfjörður	Annað - Menning og listir ekki megin viðfangsefni, aðstaða fyrir menningarstarf		
Austurland	Kaupvangur	Hafnarbyggð 4, 690 Vopnafjörður	Menningarsetur	Já	Kaffihús, sýningarsalur, upplýsingamiðstöð.
Austurland	Langabúð	Langabúð, 765 Djúpvogur	Annað - Menning og listir ekki megin viðfangsefni, aðstaða fyrir menningarstarf	Já	Veitingastaður, kaffihús, safn, viðburðir.
Austurland	Mikligarður	Miðbraut 1, 690 Vopnafjörður	Félagsheimili í bæ eða þorpi	Já	Fundur, viðburðir, skemmtanir, útleiga á sal, íþróttatímar.
Austurland	Múlinn	Bakkavegur 5, 740 Neskaupstaður	Annað - Menning og listir ekki megin viðfangsefni, aðstaða fyrir menningarstarf	Nei	Samvinnuými og viðburðir.
Austurland	Óbyggðasetrið	Fljótsdal, 701 Egilsstaðir	Menningarsetur	Nei	Gisting, sýning, ferðaþjónusta, matur, hópar í mat á sýningu og leiðsögn.
Austurland	Prentverk Seyðisfjarðar	Öldugata 14, 710 Seyðisfjörður	Einkarekin lista- og menningarstarfsemi	Nei	Prentverkstæði. Námskeiðshald.
Austurland	Randulffs sjóhús	735 Eskifjörður	Viðurkennt safn	Já	Sýningar og viðburðir.

Landshluti	Menningarhús	Staður	Flokkur	Skilgreind menningar-miðstöð	Starfsemi
Austurland	Safnahúsið	Laufskógar 1, 700 Egilsstaðir	Viðurkennt safn	Já	Í húsinu eru þrjár stofnanir: Minjasafn Austurlands (rekið af Múlaþingi), Bókasafn Héraðsbúa (rekið af Múlaþingi) og Héraðsskjalasafn Austfirðinga (rekið af öllum sveitarfélögum á Austurlandi).
Austurland	Safnahúsið	Egilsbraut 2, 740 Neskaupstaður	Safn ekki viðurkennt	Já	Sýningar og viðburðir.
Austurland	Samkomuhús Stöðvarfjarðar	Fjarðarbraut 43, 755 Stöðvarfjörður	Aðstaða Sérstök aðstaða fyrir lista og menningarstarfsemi	Já	Sýningar og markaðir.
Austurland	Skaftfell - myndlistarmiðstöð	Austurvegur 42, 710 Seyðisfjörður	Menningarmiðstöð	Já	Myndlistarsýningar og viðburðir.
Austurland	Skrúður	Skólavegur 49, 750 Fáskrúðsfjörður	Félagsheimili í bæ eða þorpi	Já	Viðburðir og samkomur.
Austurland	Sköpunar-miðstöðin	Bankastræti 1, 755 Stöðvarfjörður	Einkarekin lista- og menningarstarfsemi	Já	Listamannalir, handverk og hljóðupptaka.
Austurland	Sláturhúsið - menningarmiðstöð	Kaupvangur 9, 700 Egilsstaðir	Menningarmiðstöð	Já	Sviðslistir, tónlist, myndlistar- sýningar.
Austurland	Snæfellsstofa	Skríðuklaustur, 701 Egilsstaðir	Gestastofa	Nei	Upplýsingaveita, gjafavörusala og sýning.
Austurland	Staðarholt	Staðarholt, 691 Vopnafjörður	Félagsheimili í sveit	Nei	Viðburðir, böll, fundir og samkomur.
Austurland	Stríðsárásafnið	Hæðargerði, 730 Reyðarfjörður	Safn ekki viðurkennt	Nei	Viðburðir, sýningar og markaðir.
Austurland	Ströndin studio	Strandarvegur 29, 710 Seyðisfjörður	Einkarekin lista- og menningarstarfsemi	Já	Ljósmyndastudio. Residensía með verkstæði, sýningar og viðburðahald.
Austurland	Tankurinn	Djúpvogur	Sérstök aðstaða fyrir lista og menningarstarfsemi	Nei	Sýningarrými, tónleikastaður.
Austurland	Tehúsið	Kaupvangi 17, 700 Egilsstaðir	Annað - Menning og listir ekki megin viðfangsefni, aðstaða fyrir menningarstarf	Nei	Tónleikahald
Austurland	Tónspil	Hafnarbraut 20, 740 Neskaupstaður	Einkarekin lista- og menningarstarfsemi	Já	Tónleikastaður
Austurland	Tungubúð	Hróarstungu, 701 Egilsstaðir	Félagsheimili í sveit	Já	Félagsheimili sveitarinnar. Einstaklingar og félög geta leigt húsið fyrir viðburði; námskeiðahald, fundi, ættarmót og samkvæmi.
Austurland	Tækniminjasafnið	Hafnargata 38b, 710 Seyðisfjörður	Viðurkennt safn	Já	Safnastarfsemi, sýningar og viðburðahald.
Austurland	Valaskjálfi		Félagsheimili í bæ eða þorpi		
Austurland	Valhöll	Strandgata 49, 735 Eskifjörður	Félagsheimili í bæ eða þorpi	Já	Ýmsir viðburðir.
Austurland	Végarður	Fljótsdalur, 701 Egilsstaðir	Félagsheimili í sveit	Nei	Félagsheimili, tónleikar, viðburðir.
Austurland	Þórsmörk, Menningarstofa Fjarðabyggjar	Þíjuvellir 11, 740 Neskaupstaður	Menningarstofa	Já	Menningarstarfsemi, sýningar og listamannadvalir.
Norðurland eystra	Akureyrarkirkja og safnaðarheimili	Eyrarlandsvegi, 600 Akureyri	Kirkja/safnaðarheimili	Nei	Trúarleg / Tónlist/útleiga á sal fyrir veislur o.fl.
Norðurland eystra	Alþýðuhúsið á Siglufirði	Þormóðsgötu 11-13, 580 Siglufjörður	Menningarhús	Nei	Margbætt menningarstarf; gallerí, opin vinnustofa, skapandi smíðjur, nokkrar list- og menningarhátíðir yfir árið, verslun.
Norðurland eystra	Amtsboðkasafnið	Brekugötu 17, 600 Akureyri	Bókasafn viðurkennt	Nei	Bókasafn/viðburðir.

Landshluti	Menningarhús	Staður	Flokkur	Skilgreind menningar-miðstöð	Starfsemi
Norðurland eystra	Articglass	Eyrargata 27a, 580 Siglufjörður	Einkarekin lista- og menningarstarfsemi	Nei	Listsýningar
Norðurland eystra	Bátahúsið (Sílarminjasafn Íslands)	Snorrágata 10	Víðurkennt safn	Já	Safnastarf, rannsóknir, safnfræðsla, menningarviðburðir, fyrirlestrar og ráðstefnur, tónleikar ofl.
Norðurland eystra	Bókasafn Þórshafnar	Langanesvegur 18b (væntanleg staðs: Hálsvegur 3), 680 Þórshöfn	Bókasafn ekki viðurkennt	Nei	Viðburðir og almennt starf bókasafna.
Norðurland eystra	Bókasafn Öxarfjarðar	Akurgerði 4-6, 670 Kópasker	Bókasafn viðurkennt	Nei	Bókasafnsþjónusta
Norðurland eystra	Bókasafnið á Húsavík	Stórigarður 17, 640 Húsavík	Bókasafn viðurkennt	Nei	Bókasafnsþjónusta, upplestur, fundir, föndur fyrir börn.
Norðurland eystra	Bókasafnið á Raufarhöfn	Skólabraut, 675 Raufarhöfn	Bókasafn viðurkennt	Nei	Bókasafnsþjónusta, upplestur, fundir.
Norðurland eystra	Brimsalir	Námuvegi 8, 625 Ólafsfirði	Samkomuhús ekki félagsheimili	Nei	Sýningar og samkomur.
Norðurland eystra	Dalvíkurkirkja og safnaðarheimili	Böggvisbraut 620 Dalvík	Kirkja/safnaðarheimili	Nei	Fræðslustarf, guðþjónustur.
Norðurland eystra	Daviðshús	Akureyri	Víðurkennt safn	Já	Safnastarf
Norðurland eystra	Deiglan - Listagil	Kaupvangsstræti 23, 600 Akureyri	Einkarekin lista- og menningarstarfsemi	Já	Blönduð starfsemi.
Norðurland eystra	Dyngjan - Listhús	Fífilbrekku, 605 Akureyri	Einkarekin lista- og menningarstarfsemi	Já	Listastarfsemi, vinnustofa, gallerí, myndlist, vefnaður, fleira, heldur námskeið, býður öðrum að halda námskeið (býður upp á það), sýningarveggur, ný sýning í hverjum mánuði, útilistaverkasýning.
Norðurland eystra	Einkasafnið	Kristnes 605 Akureyri	Einkarekin lista- og menningarstarfsemi	Já	Myndlist, umhverfislist.
Norðurland eystra	Félagsheimilið Hnitbjörg	Aðalbraut 27, 675 Raufarhöfn	Félagsheimili í bæ eða þorpi	Nei	Rekstur á bar, fundir, ráðstefnur, erfidrykkjur, spilaköld, giftingar, þorablót, barnaafmæli o.fl.
Norðurland eystra	Félagsheimilið Múli Grímsey	611 Grímsey	Félagsheimili í bæ eða þorpi	Nei	Blönduð starfsemi.
Norðurland eystra	Félagsheimilið Sólvangur	Tjörneshreppi, 641 Húsavík	Félagsheimili í sveit	Nei	Lítill sem engin starfsemi í húsinu.
Norðurland eystra	Flugsafn Íslands	Akureyrarflugvelli, 600 Akureyri	Víðurkennt safn	Já	Safnastarf
Norðurland eystra	Freyvangur	Freyvangur, 605 Akureyri	Einkarekin lista- og menningarstarfsemi	Já	Leikhús og salur til viðburða.
Norðurland eystra	Friðbjarnarhús, leikfangahúsið	Aðalstræti 46, 600 Akureyri	Víðurkennt safn	Nei	Safnastarf
Norðurland eystra	Gallerið Komandi /Becoming	Grundargata 3, 580 Siglufjörður	Einkarekin lista- og menningarstarfsemi	Nei	Listsýningar
Norðurland eystra	Gamli barnaskólinn - Hrísey	Skólavegi, 630 Hrísey	Einkarekin lista- og menningarstarfsemi	Já	Myndlist, gestavinnustofa.
Norðurland eystra	Gamli Baukur	Hafnarstétt 9, 640 Húsavík	Annað - Menning og listir ekki megin viðfangsefni, aðstaða fyrir menningarstarf	Nei	Fyrst og fremst veitingastaður en heldur tónleika, fundi, tónlistarbingó. Er með ljósmyndasýningu sem er eiginlega orðin hluti af hönnun staðarins og stemningu.

Landshluti	Menningarhús	Staður	Flokkur	Skilgreind menningar-miðstöð	Starfsemi
Norðurland eystra	Gamli Skóli		Samkomuhús ekki félagsheimili	Nei	Kirkjukórinn æfir í húsinu, hljómsveit leigir eitt herbergi, tónlistarskólinn heldur tónleika þarna (stundum kennsla), myndlistasýningar, jóga og ýmsir viðburðir
Norðurland eystra	Geosea - sjóböð	Vitaslóð 1, 640 Húsavík	Annað - Menning og listir ekki megin viðfangsefni, aðstaða fyrir menningarstarf	Nei	Sundlaug, viðburðir, tónleikar
Norðurland eystra	Gígur	Skútustaðir, 660 Þingeyjarsveit	Gestastofa	Nei	Gestastofa fyrir ferðamenn. Aðstaða fyrir starfsfólk ýmissa stofnana, sveitarfélagsins og fleiri. Einnig er rannsóknarstofa fyrir Náttúrufræðistofnun. Opnir viðburðir fyrir íbúa og gesti þar sem oft er boðið upp á lista- og vísindasmiðjur fyrir fjölskyldur. Ein fastasýning verður í húsnæðinu en auk þess eru málverka- og ljósmyndasýningar.
Norðurland eystra	Gísli, Eiríkur, Helgi ehf, kaffihús Bakkabræðra	Grundargötu 1, 620 Dalvík	Annað - Menning og listir ekki megin viðfangsefni, aðstaða fyrir menningarstarf	Nei	Kaffihús/bar
Norðurland eystra	Clerárkirkja og safnaðarheimili	600 Akureyri	Kirkja/safnaðarheimili	Já	Trúarleg / Tónlist/útleiga á sal fyrir veislur o.fl.
Norðurland eystra	Gljúfrastofa - Gestastofa í Ásbyrgi	Ásbyrgi, 671 Kópasker	Gestastofa	Nei	Sýningar, viðburðir, föst sýning um Vatnajökulsþjóðgarð, heimastöð Jökulsárhlaupsins og fleiri samfélagsviðburða, jólamarkaður haldinn þar í nokkur ár.
Norðurland eystra	Grána, Síldar-minjasafn Íslands	Snorrágata 12 580 Siglufirði	Víðurkennt safn	Já	Safnastarf, rannsóknir, safnfræðsla, menningarviðburðir, fyrirlestrar og ráðstefnur, tónleikar ofl.
Norðurland eystra	Grenivíkurkirkja	610 Grenivík	Kirkja/safnaðarheimili	Nei	Messuhald og tónleikar
Norðurland eystra	Grenivíkurskóli/ íþróttamiðstöð	Íþróttamiðstöð/ sundlaug 610 Grenivík	Íþróttahús	Nei	Samkomur, fundir, tónleikar og fleira í minni salnum. Þorablót og stærri viðburðir í stóra salnum.
Norðurland eystra	Grenjaðarstaður	Grenjaðarstað, 641 Húsavík	Víðurkennt safn	Já	
Norðurland eystra	Grunnskólinn á Bakkafirði	Skólágata 5, 685 Bakkafjörður	Annað - Menning og listir ekki megin viðfangsefni, aðstaða fyrir menningarstarf	Nei	Viðburðir, fyrirlestrar, tónleikar, samfélagssamkomur, fundir, gistiheimili, störf án staðsetningar, afmæli og ættarmót.
Norðurland eystra	Græni hatturinn	Hafnarstræti 96, 600 Akureyri	Einkarekin lista- og menningarstarfsemi	Já	Tónlist
Norðurland eystra	Handraðinn (þjóðháttafélagið Handraðinn)	Laugalandi, Eyjafjarðarsveit (í kjallara gamla húsmæðraskólans)		Já	Félag áhugamanna um íslenska þjóðhætti, efling og varðveisla gamalla minja, matar og fata - þjóðháttu almennt. Varðveita og halda í kunnáttu og lífnaðarhætti. Námskeiðahald, fundir ofl.
Norðurland eystra	Herhúsið Siglufirði	Norðurgötu 7b, 580 Siglufjörður	Einkarekin lista- og menningarstarfsemi	Já	Móttaka erlendra og innlendra listamanna til dvalar. Listsýningar.
Norðurland eystra	Héraðskjalasafnið	Brekkugötu 17, 600 Akureyri	Skjalasafn viðurkennt	Já	Skjalasafn
Norðurland eystra	Hérna	Stórigarður 11, 640 Húsavík	Einkarekin lista- og menningarstarfsemi	Nei	Veitingastaður/kaffihús, smærri viðburðir, tónleikar, upplestur.
Norðurland eystra	Hlaðan, Litla-Garði	Litla-Garði, 600 Akureyri	Einkarekin lista- og menningarstarfsemi	Nei	Menningarstarfsemi, tónleikar, leiksýningar, myndlistasýningar.
Norðurland eystra	Hlíðarbaer	Kræklingahlíð	Félagsheimili í sveit	Nei	Útleiga fyrir allskonar veislur og mannfögnuði.
Norðurland eystra	Hlöðufell Restaurant	Héðinsbraut 3A, 640 Húsavík	Annað - Menning og listir ekki megin viðfangsefni, aðstaða fyrir menningarstarf	Nei	Veitingastaður, viðburðir, tónleikar, veislur, diskóviðburðir, böll, samkomur.
Norðurland eystra	Holtið	Langanesvegi 16, 680 Þórshöfn	Menningarhús	Já	Tónlistarviðburðir, fyrirlestrar, leikrit, böll, hátíðarhöld.

Landshluti	Menningarhús	Staður	Flokkur	Skilgreind menningar-miðstöð	Starfsemi
Norðurland eystra	Hús Hákarlajörundar - Hrísey	Norðurvegur 3, 630 Hrísey	Safn ekki viðurkennt	Nei	Safn/ferðapjónusta.
Norðurland eystra	Húsavíkurkirkja	Garðarsbraut 11, 640 Húsavík	Kirkja/safnaðarheimili		Tónleikar, upplestur, guðspjónustur.
